

ÁLIT NEFNDAR UM MILLIÐALAUSA  
SÖNNUNARFÆRSLU Í SAKAMÁLUM



ÁLIT NEFNDAR UM MILLIÐALAUSA  
SÖNNUNARFÆRSLU Í SAKAMÁLUM

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið*

*október 2008*

ISBN 978-9979-884-42-2

## Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur</b> .....	<b>5</b>
<b>2. Milliliðalaus sönnunarfærsla í sakamálum</b> .....	<b>6</b>
2.1 Meginreglur sakamálaréttarfars.....	6
2.1.1 Milliliðalaus sönnunarfærsla.....	7
2.1.1.1 Almenn.....	7
2.1.1.2 Milliliðalaus sönnunarfærsla fyrir æðri rétti.....	8
2.1.1.3 Samningsviðauki nr. 7 við Mannréttindasáttmála Evrópu.....	10
<b>3. Dómstólaskipan á Norðurlöndunum</b> .....	<b>14</b>
3.1 Danmörk.....	14
3.2 Noregur.....	15
3.3 Svíþjóð.....	16
3.4 Finnland.....	17
<b>4. Álitsgjafar nefndarinnar</b> .....	<b>18</b>
4.1 Viðhorf Jóhannesar Rúnars Jóhannssonar hæstaréttarlögmanns, og Sigurðar Tómasar Magnússonar, sérfræðings við Háskólann í Reykjavík.....	18
4.2 Viðhorf Eiríks Tómassonar, lagaprófessors við Háskóla Íslands.....	22
4.3 Viðhorf Markúsar Sigurbjörnssonar, hæstaréttardómara og formanns réttarfarsnefndar og Stefáns Más Stefánssonar, lagaprófessors við Háskóla Íslands og nefndarmanns í réttarfarsnefnd.....	24
4.4 Viðhorf Róberts R. Spanó, prófessors við lagadeild Háskóla Íslands.....	26
<b>5. Millidómstig í sakamálum</b> .....	<b>29</b>
5.1 Hvaða mál fara á hvaða dómstig?.....	31
5.2 Fjöldi dómara sem eru skipaðir við Hæstarétt.....	33
5.3 Fjöldi dómara sem eru skipaðir á millidómstiginu.....	33
5.4 Fjöldi dómara sem dæma á hverju dómstigi fyrir sig.....	33

5.5 Titill málflytjenda á millidómstigi.....	34
5.6 Skýrslutökur fyrir dóminum .....	35
5.7 Lagaskil .....	36
<b>6. Kostnaðaráætlun .....</b>	<b>37</b>
6.1 Launakostnaður .....	37
6.2 Húsnæðiskostnaður.....	37
6.3 Annar rekstrarkostnaður .....	38
6.4 Stofnkostnaður.....	38
<b>7. Lokaorð .....</b>	<b>39</b>
<b>Heimildaskrá.....</b>	<b>40</b>
<b>Dómar .....</b>	<b>40</b>
<b>Heimasíður .....</b>	<b>40</b>
<b>Fylgiskjal.....</b>	<b>41</b>

## 1. Inngangur

Með bréfi dags. 15. nóvember 2007 óskaði dómsmálaráðherra eftir því að Dómstólaráð, ríkissaksóknari og Lögmannafélag Íslands myndu tilnefna fulltrúa í nefnd „til að fjalla um hvernig tryggja megi sem best milliliðalaus sönnunarfærslu í meðferð sakamála. Einkum veiti nefndin álit sitt á því, hvort setja eigi á fót millidómstig hér á landi, þar sem eingöngu yrði leyst úr sakamálum.“ Var mælt til þess að nefndin myndi skila dómsmálaráðherra álitinu eigi síðar en 1. maí 2008.


Í nefndina voru skipuð Ragna Árnadóttir, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, sem jafnframt var formaður, Ragnheiður Harðardóttir, þá vararíkissaksóknari, nú settur dómari við héraðsdóm Reykjavíkur, Símon Sigvaldason, dómari við héraðsdóm Reykjavíkur og formaður Dómstólaráðs, og Sveinn Andri Sveinsson hæstaréttarlögmaður. Ritari nefndarinnar var Gunnar Narfi Gunnarsson, lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Gögn þau sem finna má í fylgiskjalinu vann Birgir Örn Birgisson laganemi.

Nefndin hélt alls átta fundi, sá fyrsti var haldinn í febrúar 2008 og sá síðasti í lok september sama ár. Dómsmálaráðherra var á vordögum 2008 gerð grein fyrir því að ofangreindur frestur myndi ekki duga til og veitti hann nefndinni þann frest til að skila álitinu sem nefndin þyrfti.

Við vinnu sína aflaði nefndin ýmissa gagna og kallaði auk þess til sín sérfróða aðila til álitsgjafar svo sem fram kemur í skýrslu þessari. Nefndin komst að samhljóða niðurstöðu og má finna yfirlit tillagna hennar í kafla 7.

*Reykjavík, 1. október 2008.*

  
Ragna Árnadóttir formaður.

  
Ragnheiður Harðardóttir.

  
Símon Sigvaldason.

  
Sveinn Andri Sveinsson.

## 2. Milliliðalaus sönnunarfærsla í sakamálum<sup>1</sup>

### 2.1 Meginreglur sakamálaréttarfars

Í opinberum málum eða sakamálum er skorið úr því hvort menn hafi gerst sekir um refsiverða háttsemi, sem þeim er gefin að sök, og að auki er þeim, sem sekir eru taldir, ákvörðuð viðeigandi viðurlög.<sup>2</sup> Réttarfarsreglur í sakamálum fjalla um meðferð þeirra fyrir dómstólum en venju samkvæmt er þar einnig fjallað um lögreglurannsóknir og um skipan og hlutverk ákærvaldsins.<sup>3</sup> Í einkamálaréttarfari er hins vegar lýst reglum um meðferð mála til úrlausnar um réttindi og skyldur milli einstakra manna eða lögpersóna eða gagnvart ríkinu eða öðrum opinberum aðila og hvernig þeim réttindum og skyldum verður síðan fylgt eftir.<sup>4</sup>

Í sakamálaréttarfari og einkamálaréttarfari gilda ákveðnar meginreglur<sup>5</sup> við meðferð dómsmála sem meðal annars er ætlað að tryggja rétt aðila til réttlátrar og hlutlægrar málsmeðferðar. Þótt meginreglur um meðferð opinberra mála eða sakamála vísi fyrst og fremst til málsmeðferðar fyrir dómi þá eru þær frábrugðnar meginreglum um meðferð einkamála að því leyti að þær ná einnig, eftir því sem við á, til þess þegar mál er til meðferðar hjá lögreglu og ákærvaldi áður en það er lagt fyrir dóm. Það er ekki síst yfirburðastaða þessara handhafa ríkisvaldsins gagnvart sakborningi sem setur svip sinn á þær meginreglur sem sérstaklega gilda um meðferð sakamála.<sup>6</sup>

Flestar þeirra hafa það að meginmarkmiði að aftra því að mannréttindi þeirra einstaklinga, sem sökum eru bornir, verði skert að óþörfu og koma í veg fyrir að þeir verði fundnir sekir þótt saklausir séu. Þetta er það sem einkennir réttarríkið nú á dögum og það sem helst er talið greina það frá lögregluríkinu. Af þessari ástæðu eru ýmsar af meginreglunum ekki aðeins að finna í réttarfarslögum, þ.e. lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála (oml.), heldur í stjórnarskránni nr. 33/1944 (stjkskr.) og Mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögtekinn hefur verið með lögum nr. 62/1994 (MSE).<sup>7</sup>

<sup>1</sup> Textinn í þessum kafla er að miklu leyti tekinn beint upp úr heimildum fræðimanna, en heimildanna er getið á viðeigandi stað.

<sup>2</sup> Eiríkur Tómasson: *Meginreglur opinbers réttarfars*. Handrit til kennslu við lagadeild Háskóla Íslands. Úlfjótur. Reykjavík 1999, bls. 1.

<sup>3</sup> Stefán Már Stefánsson: *Um sönnun í sakamálum*. 4. ritröð Lagastofnunar Háskóla Íslands. Reykjavík 2007, bls. 7.

<sup>4</sup> Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfars*. Handrit til kennslu við lagadeild Háskóla Íslands, Reykjavík 1993, bls. 4.

<sup>5</sup> Helstu meginreglur sakamálaréttarfars eru: ákærureglan, reglan um að leiða skuli hið sanna í ljós, reglan um jafnræði málsaðila, reglan um opinbera málsmeðferð, reglan um munnlega málsmeðferð, reglan um milliliðalaus málsmeðferð, reglan um hraða málsmeðferð, ýmsar sönnunarreglur, þ. á m. reglan um milliliðalaus sönnunarfærslu, frjálst sönnunarmat og reglan um að sönnunarbyrðin hvíli á ákærvaldinu.

<sup>6</sup> Eiríkur Tómasson: *Meginreglur opinbers réttarfars*, bls. 1.

<sup>7</sup> Eiríkur Tómasson: *Meginreglur opinbers réttarfars*, bls. 2.

Hinn 1. janúar 2009 munu taka gildi ný réttarfarslög, nr. 88 12. júní 2008. Nefnast þau *lög um meðferð sakamála* og munu leysa af hólmi núgildandi lög um meðferð opinberra mála. Mun sá háttur framvegis hafður á í álitum þessu að nefna fyrst viðeigandi grein núgildandi laga (oml.), en innan sviga sömu eða sambærilega grein nýju laganna (sml.).

### 2.1.1 Milliliðalaus sönnunarfærsla

#### 2.1.1.1 Almenn

Í meginreglunni um milliliðalaus sönnunarfærslu felst að sá dómari sem dæmir mál taki skýrslur af ákærða og vitnum og jafnframt eru önnur sönnunargögn færð fyrir hann. Í samræmi við fyrirmæli 1. mgr. 70. gr. stjkskr. og 1. mgr. 6. gr. MSE um réttláta málsmeðferð, svo og ákvæði d-liðar 3. mgr. 6. gr. MSE, er mælt fyrir um milliliðalaus sönnunarfærslu í sakamálum í 1. mgr. 48. gr. oml.<sup>8</sup> (1. mgr. 111. gr. sml.) en þar segir: „Dómur skal reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.“ Af reglunni leiðir til dæmis að ekki megi leggja til grundvallar utanréttarvottorð eða skýrslur vitna og annarra fyrir lögreglu nema þegar sérstaklega stendur á, sbr. 3. mgr. 59. gr. oml.<sup>9</sup> (3. mgr. 122. gr. og 3. mgr. 134. gr. sml.) og athugasemdir við 1. mgr. 48. gr. sem fylgdu frumvarpi til laga um meðferð opinberra mála.<sup>10</sup>

Reglan er í raun angi reglunnar um milliliðalaus málsmeðferð, sem er viðtækari og nær yfir málsmeðferðina allt frá því ákæra er gefin út og þar til dómur er kveðinn upp, þ.e. að sami dómari leysi úr máli frá upphafi til enda. Meginreglan um milliliðalaus sönnunarfærslu er hins vegar þrengri og lýtur sérstaklega að sönnunarþættinum í málsmeðferðinni.

Markmið reglunnar er að tryggja að dómari kynnist af eigin raun þeim sönnunargögnum sem færð eru fram í máli. Þannig er talið að hann sé í betri stöðu en ella að meta samhengi þeirra og þar með þýðingu. Hugsunin er einkum að koma í veg fyrir að sönnunarkedjan sé slitin í sundur. Þannig er talið að öruggast sé fyrir dómstól að hlusta sjálfur á þær vitnaleiðslur sem fram fara en byggja ekki á skriflegum gögnum um efni þeirra. Með því móti getur dómari gert sér betur grein fyrir efni skýrslunnar og þar með trúverðugleika vitnis. Við bætist að unnt er að krefja vitni skýringa ef þörf þykir.<sup>11</sup> Má því segja að með þessu móti aukist líkurnar á að dómurinn byggist efnislega á réttum forsendum.<sup>12</sup>

<sup>8</sup> Eiríkur Tómasson: *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*. Bókaútgáfa Orators. Reykjavík 1999, bls. 233.

<sup>9</sup> Stefán Már Stefánsson: *Um sönnun í sakamálum*, bls. 19.

<sup>10</sup> *Alpt.* A 1989-90, bls. 3875.

<sup>11</sup> Stefán Már Stefánsson: *Um sönnun í sakamálum*, bls. 19.

<sup>12</sup> Eiríkur Tómasson: *Meginreglur opinbers réttarfars*, bls. 22.



Frá þessu eru gerðar tvær undantekningar í 2. og 3. mgr. 48. gr. oml. Í 2. mgr. 48. gr. oml. (2. mgr. 111. gr. sml.) er dómara veitt heimild til að taka til greina sem sönnunargagn skýrslur sem ákærði eða vitni hafa gefið fyrir dómi áður en mál var höfðað. Þó skulu þeir, sem skýrslurnar hafa gefið, koma fyrir dóm að nýju, t.d. við aðalmeðferð, ef kostur er og dómari eða annar hvor aðila sér ástæðu til að það sé gert. Í niðurlagi 1. mgr. 74. gr. oml. (1. mgr. 59. gr. sml.) er gert ráð fyrir að taka megi skýrslu af sakborningi eða vitni þegar að málsmeðferð fyrir dómi kemur eða æskilegt þykir að taka skýrslu af vitni þegar í stað, svo sem ef um börn er að ræða. Í málum, sem varða kynferðisbrot gagnvart börnum, getur verið mjög mikilvægt, með tilliti til barnanna, að skýrsla sé tekin af þeim strax á rannsóknarstigi.<sup>13</sup> Skv. 3. mgr. 48. gr. oml. (3. mgr. 111. gr. sml.) er það lagt í vald dómara að meta hvort skýrsla, sem vitni hefur gefið hjá lögreglu eða öðrum rannsóknaraðila, hafi sönnunargildi og þá hvert gildi hennar sé. Skýrt er tekið fram að það sé forsenda fyrir því að skýrsla sem þessi geti haft sönnunargildi í sakamáli að sá sem hana hefur gefið eigi þess ekki kost að koma fyrir dóm við meðferð máls, sbr. og niðurlag 3. mgr. 59. gr. oml. Í athugasemdum með frumvarpi til laga um meðferð opinberra mála er nefnt sem dæmi um slíkt að vitni sé látið.<sup>14</sup> Sem annað dæmi mætti nefna ef ekki er vitað hvar vitni sé niðurkomið og væntanlega einnig ef það er statt í fjarlægum heimshluta þannig að erfiðleikum væri bundið og mikill kostnaður því samfara að færa það fyrir dóm.<sup>15</sup>

#### *2.1.1.2 Milliliðalaus sönnunarfærsla fyrir æðri rétti*

Í reglunni um milliliðalaus sönnunarfærslu felst einnig að æðri dómstóll getur ekki sakfelld mann, sem sýknaður hefur verið í undirrétti, á grundvelli framburðar hans sjálfs eða vitna, nema dómendur hafi sjálfir hlýtt á framburðinn og sönnunarfærslan þannig verið milliliðalaus fyrir hinum æðri dómi.<sup>16 17</sup>

Ekki hefur tíðkast að ákærði og vitni komi fyrir Hæstarétt til skýrslugjafar þótt rétturinn geti ákveðið að munnleg sönnunarfærsla fari þar fram, sbr. 3. mgr. 157. gr. oml. (3. mgr. 205. gr.

<sup>13</sup> Eiríkur Tómasson: *Meginreglur opinbers réttarfars*, bls. 23.

<sup>14</sup> *Alþt. A* 1989-1990, bls. 3875.

<sup>15</sup> Eiríkur Tómasson: *Meginreglur opinbers réttarfars*, bls. 23.

<sup>16</sup> *Alþt. A* 2007-2008, bls. 1402.

<sup>17</sup> Hæstiréttur hefur hins vegar talið heimilt, þrátt fyrir meginregluna, að snúa við sýknudómi í sekt ef um er að ræða skýringu og beitingu lagaákvæða. Fyrirmæli 4. og 5. mgr. 159. gr. oml. (2. og 3. mgr. 208. gr. sml.) standa þannig ekki í vegi því að efnisleg afstaða verði tekin til kröfu ákæruvaldsins um sakfellingu ákærða og ákvörðun refsingar þótt munnleg sönnunarfærsla hafi ekki farið fram fyrir réttinum, sbr. dóma Hæstaréttar frá 19. júní 2008 í málum nr. 254/2008 og 260/2008.

sml.)<sup>18</sup> Meginástæða þess er sú að erfitt er að koma því við í framkvæmd vegna þess mikla álags sem hvílir á réttinum.<sup>19</sup> Í 4. mgr. 159. gr. oml. (2. mgr. 208. gr. sml.) segir að Hæstiréttur geti ekki endurmetið niðurstöðu héraðsdómara um sönnunargildi munnlegs framburðar, nema ákærði eða vitni hafi gefið skýrslu fyrir réttinum. Hefur Hæstiréttur því oftast nær gripið til þess ráðs að ómerkja héraðsdóm og vísa máli aftur heim í hérað á grundvelli 5. mgr. 159. gr. oml. (3. mgr. 208. gr. sml.) ef dómara hafa talið að mat héraðsdómara á sönnunargildi framburðar ákærða og vitna orki tvímælis. Þessi aðferð er þó ekki allskostar heppileg, auk þess sem henni verður varla beitt nema einu sinni í hverju máli.<sup>20</sup> Til að varpa betur ljósi á framangreinda meginreglu má nefna tvö mál Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE); annars vegar hið svokallaða Botten-mál<sup>21</sup> og hins vegar Vegas-málið.<sup>22</sup>

Fyrra málið snerist um Harald Botten, foringja í norska flughernum, sem starfaði á Jan Mayen við ratsjárstöð. Hann hélt af stað ásamt tveimur mönnum á gúmmibát til að ná í slasaðan sjómann af togara til aðhlyningar. Brot reið yfir bátinn og honum hvolfdi með þeim afleiðingum að fyrrgreindir tveir menn fórust en Botten komst lífs af. Síðan var höfðað mál á hendur honum vegna vanrækslu eða gáleysis í opinberu starfi sem talin var fólgin í því að hann hafði ákveðið að nota lítinn gúmmibát í björgunarleiðangurinn í stað stærri og aflmeiri báts. Botten var sýknaður í héraði en dæmdur í hæstarétti án þess að hann eða vitni gæfu þar skýrslu. Botten kærði málið til mannréttindanefndar Evrópu og byggði á því að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. MSE vegna þess að hæstiréttur hefði hvorki stefnt honum fyrir sig né tekið af honum skýrslu.<sup>23</sup> Í niðurstöðu MDE kom fram að ákærði, sem sýknaður hefur verið í undirrétti, eigi ekki aðeins rétt á því að vera viðstaddur þinghald fyrir æðri dómi og fá að tjá sig þar, heldur beri dómstólnum skylda til þess að kalla hann fyrir sig og taka af honum skýrslu, milliliðalaust. Að öðrum kosti verði ákærði ekki sakfelldur af æðri dómi, þvert ofan í sýknudóm undirréttar.<sup>24</sup>

Málavextir í síðara málinu voru þeir að tveir menn, Sigurþór Arnarsson (SA) og Sverrir Einarsson (SE), voru ákærðir fyrir stórfellda líkamsárás, fyrir að hafa ráðist á mann á

<sup>18</sup> Hæstiréttur Íslands hefur einungis einu sinni nýtt sér þessa heimild, sbr. dóm Hæstaréttar frá 21. febrúar 2002 í máli nr. 11/2001.

<sup>19</sup> *Alpt.* A 2007-2008, bls. 1402.

<sup>20</sup> *Alpt.* A 2007-2008, bls. 1402.

<sup>21</sup> Dómur MDE í máli nr. 16206/90: Harald Botten gegn norska ríkinu frá 19. febrúar 1996.

<sup>22</sup> Í kjölfar dóms Hæstaréttar frá 22. maí 1998 í máli nr. 390/1997 var íslenska ríkið kært til Mannréttindadómstóls Evrópu, sbr. dómur MDE í máli nr. 44671/98: Sigurþór Arnarsson gegn íslenska ríkinu frá 15. júlí 2003 sem hér er nefndur. Til skýringar ganga bæði málin í daglegu tali undir heitinu Vegas-málið.

<sup>23</sup> Eiríkur Tómasson: *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 88.

<sup>24</sup> Eiríkur Tómasson: *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 89.

skemmtistaðnum Vegas í Reykjavík og veitt honum áverka sem drógu hann til dauða. Í héraði var SE fundinn sekur um að hafa veitt manninum hnefahögg og dæmdur í tveggja ára fangelsi, en ósannað þótti að SA hefði sparkað í höfuð hins látna og var hann því sýknaður. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms yfir SE en komst hins vegar að gagnstæðri niðurstöðu varðandi SA og byggði hana einkum á skriflegum framburði vitna, en ekki voru teknar munnlegar skýrslur af SA eða vitnum fyrir Hæstarétti.<sup>25</sup> Var SA fundinn sekur og dæmdur í fangelsi í tvö ár og þrjá mánuði.<sup>26</sup> Málið fór fyrir MDE sem komst að þeirri niðurstöðu að í ljósi þess hversu miklir hagsmunir hafi verið í húfi fyrir kæranda hafi Hæstarétti, með hliðsjón af reglunni um réttláta málsmeðferð, borið að taka sjálfur munnlegar skýrslur af ákærða og vissum vitnum þegar hann sneri við sýknudómi héraðsdóms.<sup>27</sup> Mannréttindadómstóllinn tók sérstaklega fram að ekki skipti máli í þessu sambandi þótt endurrit af skýrslum ákærðu og vitna fyrir héraðsdómi hefðu verið lögð fyrir Hæstarétt, enda hefði rétturinn getað notfært sér heimild í 4. mgr. 159. gr. oml. (2. mgr. 208. gr. sml.) til að taka sjálfur skýrslu af kæranda og lykilvernum í málinu.<sup>28</sup>

Mikilvægi framangreindrar meginreglu endurspeglast í báðum þessum málum en rauði þráðurinn í þeim er sá að áfrýjunardómstóll sem dæmir um staðreyndir í máli verður að taka sjálfur munnlegar skýrslur ef hann hyggst snúa við sýknudómi eða þyngja refsingu og byggja á þeim framburðum sem þar koma fram. Framangreint á þó sennilega því aðeins við að fyrrgreind sönnunargögn séu aðalsönnunargögn máls. Ekki er heldur útilokað að frá þessu sé vikið ef brot þau sem ákært er fyrir teljast ekki alvarleg.<sup>29</sup>

### *2.1.1.3 Samningsviðauki nr. 7 við Mannréttindasáttmála Evrópu*

Það sem helst greinir íslenska dómstólaskipan frá skipan dómstóla í öðrum Evrópuríkjum er sú staðreynd að hér á landi skuli aðeins vera tvö dómstig, þ.e. héraðsdómur og Hæstiréttur. Þrátt fyrir það verður íslenskt réttarfar, eins og réttarfar annarra Evrópuríkja, að taka mið af fyrirmælum MSE um meðferð mála fyrir dómstólum, svo langt sem þau ná. Þetta á jafnt við endurskoðun æðri dóms á mati lægra setts dómstóls á því hvað telst sannað og hvað ósannað í sakamáli, sem og önnur réttarfarsatriði. Þegar laga þarf réttarfar hér á landi að fyrirmælum

<sup>25</sup> Stefán Már Stefánsson: *Um sönnun í sakamálum*, bls. 45.

<sup>26</sup> Dómur Hæstaréttar frá 22. maí 1998 í máli nr. 390/1997.

<sup>27</sup> Sjá lið 36 í dómnum.

<sup>28</sup> Eiríkur Tómasson: *Réttur til réttlátrar málsmeðferðar*. Mannréttindasáttmáli Evrópu: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenska rétt. Lagadeild Háskólans í Reykjavík og Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 2005, bls. 215.

<sup>29</sup> Stefán Már Stefánsson: *Um sönnun í sakamálum*, bls. 46.

MSE um þetta efni, eins og þau hafa verið skýrð af MDE, veldur það hins vegar vandkvæðum að samkvæmt íslenskum lögum og lagahefð er Hæstiréttur í senn áfrýjunardómstóll á öðru dómstigi og æðsti dómstóll þjóðarinnar.<sup>30</sup>

Segja má að þær kröfur, sem MSE gerir til endurskoðunar á sönnunarmati í sakamálum, séu tvíþættar. Í fyrsta lagi er í 2. gr. 7. samningsviðauka við MSE, frá 22. nóvember 1984, sem íslenska ríkið fullgilti hinn 22. maí 1987, mælt fyrir um rétt til áfrýjunar sakamáls. Í öðru lagi er síðan í 6. gr. samningsins að finna almenn fyrirmæli um réttláta málsmeðferð fyrir dómi. Þetta þýðir með öðrum orðum að sé kveðið á um það í réttarfarslögum aðildarríkis, að æðri dómstóll geti tekið sönnunarmat í sakamálum til endurskoðunar, verður meðferðin fyrir þeim dómi að vera réttlát í skilningi 6. gr. MSE.<sup>31</sup> Að þessu verður nú vikið nánar.

Í 6. gr. MSE felst m.a. rétturinn til að bera mál undir dómstóla.<sup>32</sup> Sambærilegt ákvæði er að finna í 1. mgr. 70. gr. stjkskr. Raunar er þó mönnum ekki tryggður réttur í 6. gr. til þess að fá úrlausn dómstóls á fyrsta dómstigi tekna til endurskoðunar af æðri dómi. Fyrirmæli þess efnis er hins vegar að finna í 2. gr. 7. samningsviðauka við MSE, þó aðeins að því er varðar sakamál,<sup>33</sup> en þar er kveðið á um tiltekin atriði varðandi heimildir sakfellds manns til að leita endurskoðunar á máli sínu fyrir æðri dómi.<sup>34</sup> Í 2. gr. 7. samningsviðaukans segir:

*„1. Sérhver sá, sem dómstóll finnur sekan um afbrot, skal hafa rétt til að láta æðri dóm fjalla á ný um sakfellinguna eða refsinguna. Um beitingu þessa réttar skal gilda löggjöf, þar á meðal um tilefni þess að beita megi.*

*2. Réttur þessi getur verið háður undantekningum þegar um er að ræða minni háttar brot eftir því sem fyrir er mælt í lögum eða þegar fjallað er um mál viðkomandi manns á frumstigi af æðsta dómi, eða hann er sakfelldur eftir áfrýjun á sýknudómi.“*

Í 2. gr. 7. samningsviðaukans er ekki aðeins gert ráð fyrir að rétturinn til endurskoðunar geti verið undantekningum háður, sbr. 2. mgr. greinarinnar, heldur virðist aðildarríkjnum vera það í sjálfsvald sett, ef marka má orðalag 1. mgr., hvort áfrýjun til æðri dóms geti tekið til

<sup>30</sup> Eiríkur Tómasson: *Endurskoðun á sönnunarmati í sakamálum, m.a. með hliðsjón af Mannréttinasáttmála Evrópu*. Úlfliótur, 1. tbl. Reykjavík 2002, bls. 86.

<sup>31</sup> Eiríkur Tómasson: *Endurskoðun á sönnunarmati í sakamálum, m.a. með hliðsjón af Mannréttinasáttmála Evrópu*, bls. 86.

<sup>32</sup> Eiríkur Tómasson: *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 45.

<sup>33</sup> Eiríkur Tómasson: *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 47.

<sup>34</sup> Fyrirmyndina að greininni er að finna í 5. mgr. 14. gr. alþjóðasamnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi sem er svohljóðandi: „Hver sá sem sakfelldur hefur verið fyrir glæp skal eiga rétt á að sakfelling hans og dómur séu endurskoðuð af æðra dómi samkvæmt lögum.“

hvors tveggja sakfellingar og ákvörðunar viðurlaga, eða hvort hún sé einskorðuð við annað hvort, t.d. við ákvörðun viðurlaga einvörðungu.<sup>35</sup>

Í þeim málum, þar sem reynt hefur á skýringu á 2. gr. 7. gr. sammingsviðaukans, hefur MDE komist svo að orði að með fyrirmælunum sé aðildarríkjunum veitt verulegt svigrúm til þess að ákvarða hvernig þeirri endurskoðun æðri dóms, sem þar er mælt fyrir um, verði fyrir komið, að því tilskildu að kveðið sé á um það í lögum. Þó er sleginn sá varnagli af hálfu dómstólsins að ekki megi takmarka réttinn til áfrýjunar í þeim mæli að hann sé í reynd lítills eða einskis virði. Að auki verði takmarkanirnar að þjóna lögmætu markmiði. Í samræmi við þetta hefur MDE skýrt fyrirmælin í greininni á þann veg að nægilegt sé að sakfelldi eigi þess kost að bera undir æðri dóm hvort meðferð á máli hans á lægra dómstigi hafi verið haldin þeim ágöllum að ástæða sé til að ómerkja hana. Ennfremur verði hann að geta farið fram á leyfi til áfrýjunar, enda sé fjallað efnislega um beiðnina af hálfu hins æðri dómstóls.<sup>36</sup>

Með lögum nr. 37/1994 voru ýmsar breytingar gerðar á áfrýjunarkafla laga um meðferð opinberra mála með vísan til 2. gr. 7. sammingsviðaukans, sbr. 3. mgr. 157. gr., 4. og 5. mgr. 159. gr. oml. sem fyrir er getið. Þá voru einnig gerðar breytingar á 147., 149. og 150. gr. oml. til þess að þær reglur sem gilda hér á landi um áfrýjun sakamála uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í 2. gr. 7. sammingsviðauka. Í greinargerð með frumvarpinu sagði að til samans ættu reglurnar að tryggja að Hæstiréttur endurmeti ekki trúverðugleika munnlegs framburðar, nema í þeim undantekningartilvikum þegar munnleg skýrsla yrði gefin þar fyrir dómi, heldur yrði að öðru jöfnu byggt á mati héraðsdómara í þessum efnum með þeim varnagla að Hæstiréttur gæti ómerkt úrlausn hans ef hún þætti ekki byggð á nægilega traustum grunni.<sup>37</sup> Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 157. gr. oml. (3. mgr. 205. gr. sml.) tók Hæstiréttur þó fyrirvaralaust til endurskoðunar mat héraðsdómara á sönnunargildi munnlegs framburðar, allt þar til lögum um meðferð opinberra mála var breytt með lögum nr. 37/1994.<sup>38</sup>

Óhætt er að segja að frá því að dómur MDE í Vegas-málinu var kveðinn upp hafi þær raddir gerst æ háværari að gildandi fyrirkomulag um sönnunarfærslu fyrir Hæstarétti sé ekki í fullu samræmi við 2. gr. 7. sammingsviðaukans og brjóti jafnvel í sumum tilvikum gegn henni, þar

<sup>35</sup> Eiríkur Tómasson: *Endurskoðun á sönnunarmati í sakamálum, m.a. með hliðsjón af Mannréttindasáttmála Evrópu*, bls. 86-87.

<sup>36</sup> Eiríkur Tómasson: *Endurskoðun á sönnunarmati í sakamálum, m.a. með hliðsjón af Mannréttindasáttmála Evrópu*, bls. 88.

<sup>37</sup> *Alþt. A 1993-1994*, bls. 1217.

<sup>38</sup> Eiríkur Tómasson: *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 233.

sem ekki fari fram sjálfstætt sönnunarmat fyrir Hæstarétti með þeim hætti að rétturinn hlýði sjálfur á framburði vitna og ákærða, eins og þó er heimild til í gildandi lögum, og að leita verði leiða til úrbóta.

### 3. Dómstólaskipan á Norðurlöndunum

Eins og fram hefur komið eru dómstigin á Íslandi tvö, bæði í einkamálum og sakamálum, þ.e. héraðsdómur og Hæstiréttur. Héraðsdómstólar landsins eru átta, héraðsdómaramir alls 38, en dómarar Hæstaréttar níu talsins. Dómstólaskipanin hérlendis er frábrugðin því sem gengur og gerist í löndunum í kringum okkur og t.a.m. eru víðast hvar í Evrópu þrjú dómstig í sakamálum. Á Norðurlöndunum eru alls staðar þrjú dómstig í sakamálum, auk þess sem kviðdómendur taka þar oft virkan þátt í úrlausn dómsmála.

#### 3.1 Danmörk

Dómstigin þrjú samanstanda af 24 héraðsdómstólum (*d. byret*), tveimur dómstólum á milli-dómstigi (*d. vestre og østre landsret*) og loks hæstarétti (*d. højesteret*), sbr. 2. gr., 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 9. gr. dönsku réttarfarslaganna (*d. retsplejeloven*). Dæma öll dómstigin í bæði saka- og einkamálum, sbr. 1. kafla laganna.

Sakamál skiptast í tvenns konar mál í Danmörku, annars vegar kviðdómsmál (*d. nævningesager*) og hins vegar meðdómsmál (*d. domsmandssager*). Hinn 1. janúar 2008 voru gerðar breytingar á dönsku réttarfarslögunum og frá þeim tíma eru mál á fyrsta dómstigi meðhöndluð sem kviðdómsmál, þar sem refsing varðar fjögurra ára fangelsi eða meira.<sup>39</sup> Eru kviðdómsmál skipuð þremur löglærðum dómurum og sex kviðdómendum. Í þeim sakamálum sem ákærði neitar sök og ákærandi krefst fangelsis skipa dóminn einn löglærður dómari og tveir ólöglærðir meðdómsmenn, sbr. m.a. 5. og 6. mgr. 12. gr. 1. kafla dönsku réttarfarslaganna. Við meðferð efnahagsbrotamála er þó heimild til að skipa tvo löglærða dómara og þrjá meðdómsmenn, sbr. 8. mgr. 12. gr. laganna.

Millidómstigið gegnir hlutverki venjulegs áfrýjunardómstóls sem er að jafnaði skipaður minnst þremur löglærðum dómurum, sbr. 7. gr. 1. kafla dönsku réttarfarslaganna. Ef um kviðdómsmál er að ræða skipa þrír löglærðir dómarar og níu kviðdómendur dóm. Ef hins vegar er um meðdómsmál að ræða er dómurinn skipaður þremur löglærðum dómurum og þremur meðdómendum, sbr. 3. mgr. 7. gr. 1. kafla dönsku réttarfarslaganna. Ákvörðun viðurlaga er ákveðin af bæði dómurum og kviðdómendum.

Hægt er að skjóta bæði einka- og sakamálum til hæstaréttar en hann endurskoðar þó ekki atriði sem varða sekt eða sakleysi (*d. kan ikke tage stilling til skyldsspørgsmålet*).<sup>40</sup> Hann

<sup>39</sup> Domstolsstyrelsen: *Vejledning til domsmænd og nævninger*. Kaupmannahöfn 2007, bls. 13.

<sup>40</sup><http://www.domstol.dk/OESTRELANDSRET/SAGSBEHANDLING/APPELVEJLEDNINGER/STRAFFESAGER/Pages/default.aspx>.

tekur almennt einungis fyrir mál sem hafa mikilvægt samfélagslegt gildi (*d. særlig samfundsmæssig interesse*) og mál sem varða grundvallaratriði, svokölluð „prinsippmál“.<sup>41</sup> Hæstirétturinn samanstendur af alls 15 dómurum, en minnst fimm dómáramur skipa að jafnaði dóm í hverju máli, sbr. 2. gr. og 2. gr. a 1. kafla dönsku réttarfarslaganna.

### 3.2 Noregur

Dómstigin þrjú samanstanda af 70 héraðsdómstólum (*n. tingrett*) sem dæma bæði í einkamálum og sakamálum, sex dómstólum á millidómstigi (*n. lagmannsrett*) og loks hæstarétti (*n. høyesterett*). Dæma öll dómstigin í bæði saka- og einkamálum.<sup>42</sup>

Að meginreglu byrja öll mál í undirrætti, hjá héraðsdómstólunum, og skiptast sakamál í annars vegar játningarmál og hins vegar kviðdómsmál. Þegar um játningarmál er að ræða er dómur aðeins skipaður einum löglærðum dómara.<sup>43</sup> Kviðdómskerfið gegnir veigamiklu hlutverki í norsku réttarfari og eiga kviðdómendur sæti í dómum, bæði í undirrætti og á millistigi. Í kviðdómsmálum fer fram aðalmeðferð, þ.e. skýrslutökur og munnlegur málflutningur, og er dómur almennt skipaður einum löglærðum dómara og tveimur kviðdómendum. Í stærri málum er heimild til að dómur skuli skipaður tveimur löglærðum dómurum og þremur kviðdómendum. Taka kviðdómendur með sama hætti og löglærðir dómáramur þátt í sönnunarmati og ákvörðun viðurlaga.<sup>44</sup>

Hægt er að áfrýja málum til millidómstigsins bæði hvað varðar viðurlögin og hvort viðkomandi teljist sekur. Þá er unnt að áfrýja til millidómstigsins því hvort sönnunargögn hafi verið ranglega metin, beitingu laga, málsmeðferðinni og viðurlögum.<sup>45</sup> Varði brot ekki meira en sex ára fangelsisrefsingu er dómurinn skipaður þremur löglærðum dómurum og fjórum kviðdómendum, en heimild er til að fjölskipa kviðdóm þegar brot varðar hærri refsingu.<sup>46</sup>

Hæstirétturinn er skipaður 18 dómurum og tekur einungis afar mikilvæg mál fyrir. Er það nefnd sem metur hvort mál sé tækt til meðferðar fyrir réttinum.<sup>47</sup> Ekki er unnt að krefja

<sup>41</sup> <http://www.domstol.dk/om/organisation/Pages/H%C3%B8jesteret.aspx>.

<sup>42</sup> [http://www.domstol.no/DATemplates/Article\\_\\_\\_3058.aspx?epslanguage=NO](http://www.domstol.no/DATemplates/Article___3058.aspx?epslanguage=NO). Sjá einnig

[http://www.domstol.no/DATemplates/Article\\_\\_\\_3056.aspx?epslanguage=NO](http://www.domstol.no/DATemplates/Article___3056.aspx?epslanguage=NO) og

[http://www.domstol.no/DATemplates/Article\\_\\_\\_3057.aspx?epslanguage=NO](http://www.domstol.no/DATemplates/Article___3057.aspx?epslanguage=NO).

<sup>43</sup> Domstolsadministrasjon: *Domstolene i Norge 2007*, bls. 5:

[http://www.domstol.no/upload/Internett\\_fillister/Da/Publikasjoner/Statistikk%20og%20rapporter/Domstolene%20i%20Norge%202007.pdf](http://www.domstol.no/upload/Internett_fillister/Da/Publikasjoner/Statistikk%20og%20rapporter/Domstolene%20i%20Norge%202007.pdf).

<sup>44</sup> [http://www.domstol.no/DATemplates/Article\\_\\_\\_3056.aspx?epslanguage=NO](http://www.domstol.no/DATemplates/Article___3056.aspx?epslanguage=NO).

<sup>45</sup> [http://www.domstol.no/DATemplates/Article\\_\\_\\_3056.aspx?epslanguage=NO](http://www.domstol.no/DATemplates/Article___3056.aspx?epslanguage=NO).

<sup>46</sup> [http://www.domstol.no/DATemplates/Article\\_\\_\\_3056.aspx?epslanguage=NO](http://www.domstol.no/DATemplates/Article___3056.aspx?epslanguage=NO).

<sup>47</sup> [http://www.domstol.no/DATemplates/Article\\_\\_\\_3057.aspx?epslanguage=NO](http://www.domstol.no/DATemplates/Article___3057.aspx?epslanguage=NO).



hæstarétt um endurskoðun á sönnunarmati áfrýjunarréttar, þ.e. hvort viðkomandi teljist sekur eða sýkn.<sup>48</sup> Að jafnaði sitja fimm dómara í hverju máli, en í sérstaklega mikilvægum málum sem hafa fordæmisgildi er heimild til að dóminn skipi allir hæstaréttardómararnir.

### 3.3 Svíþjóð

Dómstigin þrjú samanstanda af 53 héraðsdómstólum (*s. tingsrátt*) sem dæma bæði í einkamálum og sakamálum, sex dómstólum á millidómstigi (*s. hovrátt*) og loks hæstarétti (*s. högsta domstolen*). Dæma öll dómstigin í bæði saka- og einkamálum, sbr. 50. og 51. kafla sænsku dómstólalaganna (*s. rättegångsbalk*).

Sakamál byrja á fyrsta stigi og er unnt að skjóta þeim til millistigsins, en ákvæði um fyrsta stigið og millidómstigið er að finna í 1. og 2. kafla sænsku dómstólalaganna. Millidómstigið er langoftast síðasta dómstigið, en unnt er að skjóta málum til hæstaréttar í undantekningartilvikum með sérstöku áfrýjunarleyfi, eins og fjallað er um hér að neðan.

Á fyrstu tveimur stigunum starfar, fyrir utan löglærðan dómara, einnig nokkur fjöldi kviðdómenda (*s. nämndemän*) sem tekur þátt í meðferð mála. Kviðdómendur eru kosnir til starfans, en mismunandi er til hversu langs tíma. Á fyrsta dómstiginu dæmir að jafnaði einn löglærður dómari og þrír kviðdómendur í máli. Séu viðurlög við broti hins vegar aðeins sekt er dómurinn einungis skipaður einum löglærðum dómara, sbr. 1. og 2. mgr. 3. gr. b 1. kafla sænsku dómstólalaganna.

Dómar undirréttarins sæta áfrýjun til millidómstigsins, en í vissum tilvikum er krafist áfrýjunarleyfis.<sup>49</sup> Hverjum dómstól á millidómstigi er skipt upp í deildir, tvær eða fleiri.<sup>50</sup> Á millidómstiginu dæma að jafnaði þrír löglærðir dómara og tveir kviðdómendur, en sé hins vegar einungis sekt við broti dæma þrír löglærðir dómara í máli, sbr. 1. og 2. mgr. 4. gr. 2. kafla dómstólalaganna. Áfrýjandi getur með beiðni óskað eftir því að dómstóllinn hlýði aftur á framburð ákærða eða vitna, sbr. 2. mgr. 4. gr. 51. kafla laganna.

Í undantekningartilvikum fara málin til hæstaréttar sem er skipaður 16 dómurum, sbr. 4. gr. 3. kafla laganna. Fyrir hæstarétti taka einungis löglærðir dómara þátt í málum. Hæstiréttur er venjulega skipaður fimm löglærðum dómurum í hverju máli, sbr. 6. gr. 3. kafla dómstóla-

<sup>48</sup> [http://www.domstol.no/DAtemplates/Article\\_\\_\\_3057.aspx?epslanguage=NO](http://www.domstol.no/DAtemplates/Article___3057.aspx?epslanguage=NO).

<sup>49</sup> [http://www.dom.se/templates/DV\\_InfoPage\\_\\_\\_2368.aspx](http://www.dom.se/templates/DV_InfoPage___2368.aspx).

<sup>50</sup> [http://www.dom.se/templates/DV\\_InfoPage\\_\\_\\_2319.aspx](http://www.dom.se/templates/DV_InfoPage___2319.aspx).

laganna, en sú tala getur bæði verið hærri og lægri. Skal rétturinn skiptast í tvær eða fleiri deildir, sbr. 4. mgr. 3. gr. 3. kafla laganna. Málsmeðferðin er oftast skrifleg, en í undantekningartilvikum er hún þó munnleg. Rétturinn tekur einungis fyrir mál sem hafa mikið fordæmisgildi og þá samkvæmt sérstöku áfrýjunarleyfi sem rétturinn sjálfur tekur ákvörðun um, sbr. 9. og 10. gr. 54. kafla og 7. gr. 55. kafla laganna.

### 3.4 Finnland

Dómstigin þrjú samanstanda af 54 héraðsdómstólum (s. *tingsrätt*), sex dómstólum á millidómstigi (s. *hovrätt*) og hæstarétti (s. *högsta domstolen*). Dæma öll dómstigin í bæði saka- og einkamálum.<sup>51</sup>

Í sakamálum á fyrsta dómstigi eiga að jafnaði sæti í dómi formaður dómsins, sem er löglærður og þrír aðrir ólöglerðir, kviðdómendur, sbr. 1. mgr. 1. gr. 2. kafla finnsku dómstóllaganna. Er kviðdómskerfið svipað og í Svíþjóð.<sup>52</sup>

Í flestum tilvikum er sakamálum áfrýjað frá fyrsta dómstigi til millidómstigs, en í undantekningartilvikum er unnt að fara með mál beint fyrir millistigið, t.d. í málum er varða landráð og sum tilvik varðandi brot í opinberu starfi. Á millidómstiginu eiga þrjú dómara sæti í hverju máli og fer málflutningur ýmist fram munnlega eða skriflega. Áður en mál er samþykkt til meðferðar fyrir dóminum fer fram könnun á því hvort það gefi tilefni til þess að um það sé sérstaklega fjallað. Munnlegur málflutningur fer fram ef meta þarf sönnunargagn máls öðru sinni eða þegar málsaðili óskar þess.<sup>53</sup>

Efsta dómstigið tekur einungis fyrir mikilvægustu málin og er meginhlutverk hans að vera fordæmisgefandi. Hann getur þó veitt áfrýjunarleyfi í sérstökum tilvikum, sbr. 1. mgr. 2. gr. 30. kafla finnsku laganna. Ferlið er að mestu leyti skriflegt en dómstóllinn getur leyft munnlegan málflutning. Hæstiréttur tekur einungis fyrir mikilvægustu málin sem hafa almennt gildi fyrir borgarana, grundvallarmálin, sbr. 1. mgr. 3. gr. 30. kafla laganna.

<sup>51</sup> <http://www.oikeus.fi/8854.htm>. Sjá einnig: <http://www.kko.fi/27080.htm>.

<sup>52</sup> <http://www.oikeus.fi/17306.htm>.

<sup>53</sup> <http://www.om.fi/en/Etusivu/Ministerio/Oikeuslaitoseseite>.

## 4. Álitsgjafar nefndarinnar

Eins og fram kom í inngangi skýrslunnar kallaði nefndin til sín sérfróða aðila til álitsgjafar. Hér á eftir er gerð grein fyrir því helsta sem þar kom fram.

### *4.1 Viðhorf Jóhannesar Rúnars Jóhannssonar hæstaréttarlögmanns, og Sigurðar Tómasar Magnússonar, sérfræðings við Háskólann í Reykjavík*

Í máli Jóhannesar Rúnars kom fram að skipta mætti álitæfninu um milliliðalaus sönnunarfærslu fyrir æðri rétti í grófum dráttum í fjóra hluta:

Í fyrsta lagi ef um væri að ræða sakfellingu í héraði en sýknu í Hæstarétti. Við slíkar kringumstæður hefði Hæstiréttur í ákveðnum tilvikum sýknað án þess að skýrslutökur hefðu farið fram fyrir réttinum, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 447/2007.

Í öðru lagi að sakfellt væri í héraði og það staðfest af Hæstarétti. Þá vitnaði rétturinn gjarnan til 4. mgr. 159. gr. oml. (2. mgr. 208. gr. sml.) og vísaði til þess að honum væri ekki fært að endurmeta niðurstöðu héraðsdóms um sönnunargildi munnlegra framburða.

Þriðji kosturinn væri ef sýknað væri í héraði og Hæstiréttur væri sömu skoðunar. Þá vitni rétturinn einnig gjarnan til 4. mgr. 159. gr. oml. og endurmæti ekki niðurstöðu héraðsdóms um sönnunargildi munnlegra framburða.

Loks gæti verið sýkna í héraði en Hæstiréttur teldi þá niðurstöðu ranga. Við slíkar kringumstæður væri ákveðinn vandi á ferð. Annaðhvort þyrftu að fara fram skýrslutökur fyrir Hæstarétti eða þá að héraðsdómurinn yrði ómerktur og málinu vísað aftur heim í hérað. Vandinn yrði enn meiri ef héraðsdómur staðfesti fyrri sýknudóm, þar sem Hæstiréttur gæti einungis ómerkt og vísað máli heim einu sinni. Ætti rétturinn því ekki aðra kosti en þá, þegar mál kæmi til hans í annað sinn, en að taka sjálfur skýrslur af aðilum og þýðingarmiklum vitnum, eða staðfesta ella niðurstöðu héraðsdóms um sýknu.

Kvaðst Jóhannes Rúnar telja mótsögn milli annars vegar 4. mgr. og hins vegar 5. mgr. 159. gr. oml. (3. mgr. 208. gr. sml.). Fælist hún í því að skv. 4. mgr. gæti Hæstiréttur ekki endurmetið niðurstöðu héraðsdómara um sönnunargildi munnlegs framburðar, en skv. 5. mgr. bæri réttinum að ómerkja dóm héraðsdóms og vísa málinu heim ef Hæstiréttur teldi að niðurstaða héraðsdómara um sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi kynni að vera röng svo að

einhverju skipti um úrslit máls. Til þess að komast að niðurstöðu skv. 5. mgr. yrði Hæstiréttur að leggja mat á gögn málsins, þ.m.t. munnlega framburði, án þess að fram færu skýrslutökur fyrir réttinum.

Þá fengi hann ekki séð að Hæstiréttur hefði raunverulegar forsendur til að endurmeta niðurstöðu héraðsdómara um sönnunargildi munnlegra framburða. Í fyrsta lagi hefði rétturinn hvorki hlýtt á né séð skýrslugjafana, sem væri mjög mikilvægt ef meta ætti trúverðugleika. Í öðru lagi byggi sönnunarmat á heildstæðu mati á öllum sönnunargögnum, ekki aðeins munnlegum framburðum, og erfitt sé að meta innbyrðis vægi sönnunargagna, munnlegra framburða sem annarra. Í þriðja lagi hefði Hæstiréttur einungis aðgang að skrifuðum framburðum skýrslugjafa og forsendum héraðsdóms, eins og þær birtast í dóminum, en hvorki að öðru sem fram fari í réttarhaldi né umræðum héraðsdómara við samningu dóms. Afar mikilvægt væri því að dómari hlustaði sjálfur á skýrslutökur. Í dag væru reglurnar ekki skýrar, þær væru ógagnsæjar og erfitt að skilja þær.

Þá kvað Jóhannes Rúnar Hæstarétt ekki alltaf vera sjálfum sér samkvæman, hann ýmist ómerkti mál og vísaði þeim aftur í hérað eða sýknaði í málum, án þess að unnt væri að sjá hvort einhver munur væri á málum. Nefndi hann í því skyni annars vegar dóm Hæstaréttar í máli nr. 447/2007 og hins vegar í máli nr. 115/2001. Enginn sjáanlegur munur hefði verið á þessum málum, en í hinu fyrrnefnda hefði Hæstiréttur sýknað en í hinu síðarnefnda var dómurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað. Að mati Jóhannesar Rúnars væri það mótsögn að ómerkja dóm ef Hæstiréttur teldi sýknudóm rangan, en hins vegar gerði hann það ekki þegar um sakfellingu væri að ræða. Kvað hann þetta vera bæði brot á reglunni um milliliðalausa sönnunarfærslu sem og jafnræðisreglu opinbers réttarfars.

Kvað Jóhannes Rúnar ýmis vandamál tengjast ómerkingu og heimvísun. Slíkt seinkaði meðferð mála og bryti þannig gegn meginreglunni um hraða málsmeðferð. Þá yrði að hafa í huga, með hliðsjón af 1. mgr. 6. gr. MSE, hvort héraðsdómur væri sjálfstæður og óvilhallur, eftir að dómur hefur verið ómerktur og máli heimvísað, þegar hann tekur mál aftur fyrir, þar sem í dómi Hæstaréttar sé að finna forsendur fyrir því hvernig dæma eigi málið í seinna skiptið. Við slíkar aðstæður mætti líta á dómstólinn sem vilhallan, þar sem búið væri að leggja línurnar fyrir hann í hæstaréttarmálinu. Einnig sé þetta vandamál þar sem einungis einu sinni væri unnt að notast við ómerkingu og heimvísun. Þetta kerfi hafi að hans mati leitt til þess að menn sem virtust sekir hafi verið sýknaðir, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 383/2000. Ekki

væri ásættanlegt ef sekir menn yrðu sýknaðir vegna þess að glufur væru í kerfinu. Sekir menn ættu að vera dæmdir og saklausir sýknaðir.

Þá væri einnig álitamál hvort núverandi fyrirkomulag stangaðist á við 1. mgr. 6. gr. MSE sem og 2. gr. 7. viðauka við sáttmálann, en þar segi að ákærði verði að eiga þess kost að skjóta niðurstöðu lægra dómstóls til æðri dómstóls varðandi sakfellingu eða refsingu.

Að mati Jóhannesar Rúnars væru tvær mögulegar leiðir til þess að ráða bót á þessum vanda; að fjölga dómurum í Hæstarétti og fjölga tilvikum þar sem skýrslutökur færu fram eða koma á fót millidómstigi í sakamálum.

Með því að taka upp millidómstig væri að hans mati leyst úr framangreindum vanda og væri það í samræmi við ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu. Ekki væri hætta á að millidómstig gerði réttarfarið flóknara frá því sem nú er.

Sigurður Tómas Magnússon kvað skoðun sína fara vel saman við skoðun Jóhannesar Rúnars á þessum málum. Að hans mati væru ákvæði laga um meðferð opinberra mála eins og „stagbætt flík“, búið væri að lagfæra þau hvað eftir annað, einkum í þeim tilgangi að þau standist kröfur um mannréttindi, sérstaklega eftir dóm í hinu svokallaða Vegas-máli. Hæstiréttur hafi hins vegar ekki breytt framkvæmdinni við skýrslutökur í samræmi við breytt lög. Í einungis einu máli hafi Hæstiréttur tekið skýrslu af manni og í kjölfarið sakfellt hann.<sup>54</sup> Þetta væri ekki ásættanlegt. Næst þegar svipað máli kæmi til kasta MDE gæti dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að þessi heimild til skýrslutöku í lögnum sem væri að finna í 3. mgr. 157. gr. oml. (3. mgr. 205. gr. sml.) væri einungis talsýn. Þá væri c-liður 147. gr. oml. (c-liður 1. mgr. 196. gr. sml.) mjög sérstakur og vandmeðfarinn. Heimilt væri að áfrýja máli til endurskoðunar á niðurstöðum sem væru byggðar á sönnunargildi annarra gagna en munnlegs framburðar fyrir héraðsdómi. Staðreyndin væri hins vegar að í flestum málum byggðist niðurstaða á heildstæðu mati á skjallægum sönnunargögnum og munnlegum framburðum. Dómar um þetta væru hins vegar mjög misvísandi og ákæruvaldi, ákærðu og Hæstarétti vandi á höndum við mat á því hvenær unnt sé að byggja niðurstöðu eingöngu á öðrum sönnunargögnum en munnlegum framburðum.

Taldi Sigurður Tómas millidómstig betri kost en fjölgun dómara í Hæstarétti. Hann taldi jafnbrýna nauðsyn á millidómstigi í sakamálum og einkamálum. Þegar niðurstaða í héraði í einkamáli byggðist á sérfræðilegum gögnum og dómur væri skipaður sérfróðum meðdóms-

<sup>54</sup> Dómur Hæstaréttar frá 21. febrúar 2002 í máli nr. 11/2001.

mönnum væri Hæstarétti mikill vandi á höndum við endurskoðun á sönnunarmati. Ýmsir dómur á síðustu árum sýndu þann vanda sem Hæstiréttur ætti við að glíma. Millidómstig ætti því að ná bæði til sakamála og einkamála, sem yrði þá skipað 12 dómurum í fjórum deildum og með þremur dómurum í hverri deild. Af því hlytist þó aukinn kostnaður en sú leið myndi leysa fjölmörg vandamál og án efa stórbæta réttaröryggi og gæði dómskerfisins. Ef hins vegar væri einungis um að ræða millidómstig í sakamálum ættu sex dómur í tveimur deildum væntanlega að duga. Með þessum hætti væri unnt að hafa framvegis einungis einn dómara í héraðsdómi í hverju máli í sakamálum og jafnvel að fækka hæstaréttardómurum um tvo. Þessi leið kallar á talsvert umfangsmiklar lagabreytingar.

Önnur leið væri að hafa skýrslutökur fyrir Hæstarétti og fjölga dómurum réttarins um tvo, en þá væri dómstóllinn einungis áfrýjunardómstóll, en ekki fordæmisgefandi dómstóll. Það væri þó væntanlega mun ódýrari leið en millidómstig og kallaði á færri og einfaldari laga-breytingar.

Aðspurðir hvort það myndi leysa vandann um milliliðalaus sönnunarfærslu ef þinghöld væru tekin upp á myndband og Hæstiréttur myndi síðan meta upptökurnar kváðu Jóhannes Rúnar og Sigurður Tómas að með því væri meginreglan um milliliðalaus sönnunarfærslu ekki fyllilega uppfyllt þar sem dómari gæti ekki sjálfur beint spurningum til skýrslugjafa. Það myndi vissulega bæta gæðin á endurskoðuninni en ekki uppfylla grundvallarkröfuna um milliliðalaus málsmeðferð.

Spurðir um það hvort raunhæft væri að hafa einungis millidómstig í sakamálum en ekki í einkamálum kvað Sigurður Tómas svo vera og nefndi Írland sem dæmi, en þar væri sérstakt millidómstig í sakamálum.<sup>55</sup> Þá væri um annars konar hagsmuni að ræða í einkamálum, en í þeim málaflökki væri þetta einungis spurning um gæði. Vandinn í einkamálunum væri fyrst og fremst í tengslum við endurmat á sönnun um sérfræðileg málefni sem Hæstiréttur hefði ekki endilega þekkingu á og þar hafi rétturinn lent í vanda enda réttinum ekki heimilt að kalla til sérfróða meðdómendur. Jóhannes Rúnar kvað þetta einungis spurningu um hagsmunamat, þar sem kostnaður og gæði vegist á, en brýnast væri að bæta úr þessu ástandi í sakamálunum.

Aðspurðir kváðu þeir málsmeðferðina á millidómstiginu verða með þeim hætti að færri skýrslur yrðu teknar og þá einungis af sakborningum og mikilvægustu vitnum. Á milli-

<sup>55</sup> Hins vegar ber að hafa í huga að á Írlandi eru mun fleiri dómstig en hérlendis. Í einkamálum eru fjögur dómstig en í sakamálum eru þau fimm. Ekki er því um millidómstig að ræða í sömu merkingu og hér hefur verið rætt um.

dómstiginu þyrfti ekki að spyrja að öllu aftur og færi því ekki fram ný sönnunarfærsla. Fjöldi vitna yrði því kannski um fjögur til fimm í hverju máli.

#### *4.2 Viðhorf Eiríks Tómassonar, lagaprófessors við Háskóla Íslands*

Eiríkur kvaðst þeirrar skoðunar að til greina kæmi að halda í núverandi tveggja dómstiga kerfi, sem væri einfalt og fljótvirkt. Til þess að það væri unnt þyrfti þó að fjölga hæstaréttar-dómurum um tvo og láta skýrslutökur fara fram fyrir réttinum. Það væri líklega einnig fjárhagslega hagkvæmasta leiðin. Ókosturinn við þá leið væri hins vegar að hlutverk Hæstaréttar, sem fordæmisgefandi dómstóls, myndi veikjast. Taldi hann þetta vera leið sem menn ættu að skoða til hliðar við þann möguleika að koma á fót millidómstigi í sakamálum.

Aðspurður hvort þetta hefði þær afleiðingar að skýrslutökur myndu fara fram í flestum sakamálum þar sem leitað yrði eftir því, taldi Eiríkur að Hæstiréttur gæti takmarkað skýrslutökurnar, enda væri slíkt ekki fortakslaus krafa samkvæmt dómum Mannréttindadómstóls Evrópu, sbr. Botten-málið<sup>56</sup> og Vegas-málið.<sup>57</sup> Að hans mati yrðu þetta ekki mörg mál á hverju ári. Þá kvaðst hann aðspurður telja að Hæstiréttur ætti sjálfur mat um það hvaða vitni kæmu fyrir réttinn. Unnt væri að takmarka skýrslutökurnar og yrðu væntanlega fáir kallaðir fyrir, t.d. einungis ákærði og brotaþoli eða önnur lykilvitni.

Taldi Eiríkur millidómstig í sakamálum hafa marga kosti, en þó þann ókost að réttarkerfið yrði flóknara, málatími lengdist, að minnsta kosti í þeim málum sem gengju til allra þriggja dómstiganna, sem myndi alltaf gerast í einhverjum mæli. Þar fyrir utan væru ýmis vandasöm úrlausnarefni sem tengdust slíkri réttarfarsbreytingu, eins og t.d. lögsöguvandamál, þar sem vafi gæti leikið á því hvenær máli yrði skotið til millidómstigs eða þá beint til Hæstaréttar ef því væri að skipta. Þetta færi þó að sjálfsögðu eftir útfærslu breytinganna á réttarkerfinu.

Ef sú leið yrði farin að koma á fót millidómstigi í sakamálum taldi Eiríkur tvær útfærslur koma til greina. Annars vegar að setja upp fyrirferðarlítið millidómstig og hins vegar að taka upp eiginlegt millidómstig. Ef eingöngu væri verið að hugsa um sakamál væri ekki góður kostur að taka upp almennt millidómstig í þeim málum þannig að Hæstiréttur myndi nánast einungis fást við einkamál. Slíkt fyrirkomulag, þar sem dómskerfið væri í raun tvískipt, tíðkist almennt ekki annars staðar. Í sakamálum, jafnvel enn frekar en í einkamálum, sé tekist á um

<sup>56</sup> Dómur MDE í máli nr. 16206/90: Harald Botten gegn norska ríkinu frá 19. febrúar 1996.

<sup>57</sup> Dómur MDE í máli nr. 44671/98: Sigurþór Arnarsson gegn íslenska ríkinu frá 15. júlí 2003.

stjórnarskrána og Mannréttindasáttmála Evrópu og á þær réttarheimildir reyni oft ekkert síður í kærumálum en áfrýjunarmálum. Óeðlilegt væri ef slík mál kæmu lítið sem ekkert til kasta Hæstaréttar. Aðspurður sagði Eiríkur að með því að koma á millidómstigi yrði hugsanlega unnt að fækka hæstaréttardómurum, en það færi þó eftir umfangi millidómstigsins.

Ef millidómstigið ætti einungis að ná til sakamála þá ætti það að hans mati að vera með takmarkaða lögsögu sem yrði fyrst og fremst bundin við áfrýjun mála þar sem niðurstaða gæti oltið á gildi munnlegs framburðar fyrir dómi. Hins vegar mætti hugsa sér að kærumálin færu áfram til Hæstaréttar, eins og t.d. gæsluvarðhaldsúrskurðir, en þar sé oft tekist á um mikla hagsmuni sem eru varðir af stjórnarskránni og Mannréttindasáttmála Evrópu. Ekki væri eðlilegt að millidómstigið ætti endanlegt úrskurðarvald um slík atriði, en hann ætti hins vegar að eiga endanlegt úrskurðarvald um sönnun, þ.e. um sekt eða sýknu, í áfrýjunarmálum.

Þá nefndi Eiríkur einn kost til viðbótar. Í stað þess að taka upp eiginlegt millidómstig yrði opnuð sú leið að sakamálum, sem áfrýjað yrði til Hæstaréttar og þar sem málsúrslit gætu oltið á munnlegum framburði, yrði vísað til sérstakrar deildar eða „panels“ innan réttarins, þar sem í forsæti væri hæstaréttardómari ásamt tveimur héraðsdómurum, sem hefðu ekki komið að málinu á fyrri stigum. Dómur þeirrar deildar yrði endanlegur, að því er tæki til sektar eða sýknu ákærða, en unnt ætti að vera að bera önnur atriði, t.d. lagaatriði og ákvörðun viðurlaga, undir „yfirdeild“ Hæstaréttar með hefðbundnum hætti. Þessi leið myndi kalla á fjölgun hæstaréttardómara, en með henni mætti komast hjá veigameiri breytingum á réttarkerfinu.

Ennfremur minntist Eiríkur á svokallað lögréttufrumvarp, sem lagt var fram á 8. áratug síðustu aldar, en þar voru uppi hugleiðingar um millidómstig, m.a. vegna þess mikla álags sem hvíldi á Hæstarétti á þeim tíma.<sup>58</sup> Ekki kvaðst hann þó vera hrifinn af þeirri hugmynd sem fólst í því frumvarpi.

Að lokum vildi Eiríkur vekja athygli á því að ekki væri víst að nýtt millidómstig sem bundið væri við sakamál leysti til frambúðar þann vanda sem við er að etja. Sams konar vandi væri upp í einkamálum, þar sem málsúrslit gætu oltið á munnlegum framburði fyrir dómi, svo sem

---

<sup>58</sup> Frumvarp til lögréttulaga var lagt fram alls þrisvar sinnum á árunum 1977-1980. Skv. því var gert ráð fyrir að embættisdómarar við dómstólinn, lögréttu, skyldu vera allt að 15 talsins. Var meginreglan sú að þrír dómarar skyldu skipa dóm þegar lögréttan var annað dómstig og skyldi sama eiga við þegar lögréttan væri fyrsta dómstig, þegar annars vegar einkamál væri tekið til aðalflutnings og hins vegar þegar fjallað væri um opinber mál, sem ákæra hefði verið gefin út í. Ef um svokölluð minni háttar mál væri að ræða var gert ráð fyrir einum dómara í hverju máli þegar lögréttan væri fyrsta dómstig. Með þessu móti var gert ráð fyrir að dómstigin yrðu þrjú, en hvert mál gæti þó að jafnaði aðeins farið fyrir tvö þeirra. Sjá nánar *Alþt. A* 1980-1981, bls. 2153-2179.



í skaðabótamálum. Sæist þetta glögg í nýlegum dómi Mannréttindadómstólsins í máli Súsönnu Rós Westlund gegn íslenska ríkinu.<sup>59</sup>

#### *4.3 Viðhorf Markúsar Sigurbjörnssonar, hæstaréttardómara og formanns réttarfarsnefndar, og Stefáns Más Stefánssonar, lagaprófessors við Háskóla Íslands og nefndarmanns í réttarfarsnefnd*

Stefán Már taldi rétt að koma á fót millidómstigi og takmarka það við sakamál. Hann og Markús hefðu reyndar einnig haft hugmynd um sérstaka deild eða „panel“ innan héraðsdóms Reykjavíkur, þangað sem unnt væri að skjóta dómsúrlausnum héraðsdómara. Kvað hann millidómstigið mun betri kost, en taldi rétt að skoða vel hvernig fyrirkomulagið væri á hinum Norðurlöndunum. Að hans sögn væru Danir ekki með svona kerfi í stórum sakamálum, sem hefði m.a. verið gagnrýnt af þarlandum fræðimönnum. Aftur á móti væri svona kerfi við lýði í Noregi, en þar væru hins vegar kviðdómendur í sakamálum. Kvaðst hann ekki hlynntur því að hefja skýrslutökur í Hæstarétti því um leið og opnað væri fyrir það yrði þrýstingur af hálfu verjenda um slíkt óbærilegur fyrir réttinn. Þá kvað hann núverandi kerfi, um að ómerkja dóma og vísa málum aftur heim í hérað, ekki hafa virkað.

Markús taldi að ef tíðka ætti skýrslutökur fyrir Hæstarétti myndu þær vera allnokkrar að umfangi; bæði verjendur og ákærvaldið myndu þrýsta á um að rétturinn tæki skýrslur af aðilum og vitnum. Þetta myndi leiða til þess að fjölga þyrfti hæstaréttardómurum og byggja nýtt dómhús þar sem núverandi húsnæði gæti ekki annað slíku. Taldi hann einu lausnina út úr núverandi vanda að koma á fót millidómstigi í sakamálum.

Aðspurður nánar um þennan „panel“ og hvernig það fyrirkomulag myndi virka kvað Markús slíkt bara eina útgáfu af sama plástri og núverandi kerfi hefði innbyggt. Nefndi hann sem dæmi að við slíkar aðstæður myndi t.d. einn héraðsdómari endurskoða úrlausn annars héraðsdómara og öfugt og síðan væri hæstaréttardómara blandað inn í það, sem myndi vafalaust skapa spennu meðal dómara. Varpaði hann fram þeirri spurningu hvort einhver munur væri á slíku og millidómstigi. Slíkt myndi hafa í för með sér þörf á fleiri dómurum og

---

<sup>59</sup> Dómur MDE í máli nr. 42628/04: Súsanna Rós Westlund gegn íslenska ríkinu frá 6. desember 2007. Í málinu var „deilt um áhrif útivistar aðila við áfrýjun dóms í einkamáli til Hæstaréttar. Kærandi hafði áfrýjað dómi í skaðabótamáli sem hún tapaði fyrir héraðsdómi. Kæran laut að því að þar sem stefndi í áfrýjunarmálinu tók ekki til varna fyrir Hæstarétti hefði kærandi ekki getað, vegna ákvæða 158. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, flutt mál sitt skriflega eða munnlega fyrir réttinum og með því hefði hún ekki notið réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 1. mgr. 6. gr. [MSE].“ Féllst MDE á kröfu kæranda og taldi að brotið hefði verið gegn sáttmálanum. Sjá *Mannréttindadómstóll Evrópu 2007*. Dómareifanir, 2. hefti 2007 (júlí – desember). Mannréttindastofnun Háskóla Íslands 2007, bls. 3.

vafalaust nýtt húsnæði. Í þessu fælist engin lausn og spurning hversu trúverðugt þetta væri út á við.

Kvaðst Stefán Már vera sömu skoðunar og Markús um þetta atriði, en slíkt kerfi væri til þess fallið að valda spennu meðal héraðsdómara og auka vinnuálag. Velti hann því sömuleiðis fyrir sér hvort við værum þá ekki komin langleiðina að millidómstigi.

Aðspurður hvort millidómstig í sakamálum myndi ekki einnig kalla á millidómstig í einkamálum kvað Stefán Már svo ekki vera, enda væri ekki um vanda í einkamálum að ræða hérlandis. Með því að koma hins vegar á fót millidómstigi í sakamálum væri verið að leysa vanda sem verið hefði viðvarandi síðastliðinn áratug í þeim málum. Kvaðst hann ekkert sjá því til fyrirstöðu að koma einungis á fót millidómstigi í sakamálum.

Markús kvaðst sammála Stefáni Má og sagði að svona kerfi tíðkuðust m.a. í enskum rétti, þar sem einungis væri millidómstig í sakamálum, sem réttlættist af þeim mun sem væri á þessum málaflokkum.

Aðspurðir hvort ákjósanlegast væri að láta millidómstigið taka til allra mála, þar á meðal kærumála, kvað Markús svo vera. Báðir töldu þó eðlilegt að sönnun yrði leidd til lykta á millidómstiginu en unnt væri að skjóta lagaatriðum og ákvörðun um refsingu til Hæstaréttar.

Aðspurður hvort millidómstigið hefði í för með sér fækkun hæstaréttardómara, kvaðst Markús ekki vilja slá því föstu en taldi eðlilegt að fækka um einn dómara. Ekki væri unnt að fækka um fleiri dómara þar sem þá væri ekki unnt að halda samtímis dómþing í annars vegar fimm manna dómi og hins vegar þriggja manna dómi. Þá sagði hann kærumálin vera afgangsstærð sem breyti ekki heildarmyndinni og væri því ekki unnt að losa um stöðugildi hæstaréttardómara þótt þeim málum myndi fækka.

Taldi Stefán Már eðlilegt að einungis lykilvitni myndu gefa skýrslu á millidómstiginu, en dómarar og málflytjendur myndu ákveða í sameiningu hverjir það yrðu í hvert skipti. Skýrslutökur á millidómstiginu þyrftu því ekki alltaf að vera jafnumfangsmiklar og fyrir héraðsdómi.

Stefán Már kvaðst ekki telja nauðsynlegt að millidómstigið fengi sérhúsnæði þó að það væri heppilegt. Hins vegar væri ekkert pláss í héraðsdómi Reykjavíkur og því ekki annað raunhæft en að starfsemin fengi nýtt húsnæði.

Loks taldi Markús aðspurður langeðlilegast að Hæstiréttur ætti áfram að veita áfrýjunarleyfi en ekki t.a.m. nefnd skipuðum ýmsum ólíkum aðilum. Hætt væri við t.d. hagsmunatengdum sjónarmiðum ef utanaðkomandi aðilar færu með þá ákvörðun.

#### 4.4 Viðhorf Róberts R. Spanó, prófessors við lagadeild Háskóla Íslands

Róbert tók í upphafi fram að almennt yrði að gera greinarmun á eftirfarandi tveimur sjónarhornum þegar taka ætti afstöðu til þess hvort tilefni væri til að taka upp millidómstig í sakamálum: *Annars vegar* hvort gera þyrfti breytingar á sakamálaréttarfarinu vegna ákvæða stjórnarskrárinnar og Mannréttindasáttmála Evrópu, og þá aðallega með tilliti til dómaframkvæmdar Mannréttindadómstóls Evrópu. Róbert kvaðst sammála því að vísbendingar væru í þá átt að nauðsynlegt væri að gera slíkar lagabreytingar til að tryggja enn frekar milliliðalausá sönnunarfærslu og raunverulega endurskoðun sönnunaratríða á endurskoðunarstigi við meðferð sakamála. Að mati Róberts væri millidómstig í sakamálum því líkast til nauðsynlegt fyrsta skref. *Hins vegar* yrði, í umfjöllun um hvort setja ætti á laggirnar millidómstig, að horfa á viðfangsefnið í nokkuð víðara samhengi. Þar ætti að horfa til þess hvort Hæstiréttur fullnægði í dag hinu tvískipta hlutverki sínu sem hæstiréttur, þ.e. *úrskurðarhlutverki* annars vegar og *fordæmishlutverki* hins vegar. Um þetta vísaði Róbert nánar til ritstjórnargreinar sinnar í 4. hefti Tímarits lögfræðinga 2007, bls. 339-344, sem ber heitið: *Er Hæstiréttur „hæstiréttur“?* Við mat á því hvort taka ætti upp millidómstig ætti að mati Róberts nánar tiltekið að horfa til þess hvort Hæstiréttur fullnægi í dag hlutverki sínu samkvæmt stjórnskipuninni. Nefndi hann sem dæmi að á árinu 2007 hefðu 590 mál verið dæmd í Hæstarétti. Þar af hefðu 300 kærumál og 220 munnlega flutt mál verið dæmd af þremur dómurum. Samanlagt hefðu því 520 af 590 málum í Hæstarétti verið dæmd af þriggja manna dómi eða 88% allra mála. Að sögn Róberts væri álitamál hvort unnt væri að tala um slíkar dómsúrlausnir sem fordæmisgefandi. Gríðarlega mikið vinnuálag væri á réttinum. Með því að koma á fót millidómstigi ættu hæstaréttardómarar að geta lagt mun meiri tíma í samningu einstakra dóma, sem myndi líkast til leiða til vandaðri úrlausna, þar sem m.a. væri vísað til dómafordæma, þannig að skýrari samfella næðist í ályktunum um gildandi rétt. Slíkt ætti að leiða til þess að úrlausnir réttarins yrðu gegnsærri, sem hefði fordæmisgildi til framtíðar.

Róbert benti á að samsafn réttarreglna í íslensku réttarkerfi væri, eins og í öðrum vestrænum lýðræðisríkjum, að verða sífellt flóknara. Enginn einn lögfræðingur gæti í dag haft yfirsýn yfir

réttinn í heild sinni eins og á árum áður þegar réttarreglur voru einfaldari í sniðum. Ástæður þessa væru margvíslegar, ekki síst aukin lagasetning vegna alþjóðavæðingar réttarins, árekstur milli lagaákvæða, aukið vægi fordæma í störfum dómstóla og óskráðra réttarheimilda á borð við meginreglur laga, einkum á sviðum opinbers réttar. Réttaróvissan væri nú meiri um einstök lögfræðileg atriði. Þegar tekin væri afstaða til þess hvort þörf væri á millidómstigi, bæði í sakamálum og einkamálum, væri ef til vill nauðsynlegt að hugleiða það efni út frá því sjónarmiði hvort slík breyting væri til þess fallin að auka möguleika dómskerfisins á að varpa skýru ljósi á gildandi rétt.

Róbert benti á að við mat á því hvort taka ætti upp millidómstig, bæri ekki einungis að horfa til þeirrar óþreifanlegu kostnaðaraukningar sem slík ákvörðun hefði í för með sér í upphafi. Í reynd væri hægt að álykta sem svo að slík breyting yrði hagkvæm fyrir rekstur réttarkerfisins í heild sinni, enda kynni hún að auka fyrirsjáanleika og gegnsæi, sem aftur leiddi til þess að menn áttuðu sig betur á því hvað væri gildandi réttur, sem þýddi að færri mál færu fyrir rétt. Vandinn við þessa röksemdafærslu væri hins vegar sá að hagkvæmnismatið hér væri nokkuð óþreifanlegt. Róbert kvaðst ósammála þeim röksemdum að vegna smæðar Íslands myndi lítið og ódýrt dómskerfi vera nægilegt. Að hans mati ætti hlutfall fjármuna sem eytt væri til dómsmála ekki að vera lægra hér en í nágrannaríkjunum. Ísland ætti á hverjum tíma að stefna að því að hafa fyrirmyndardómskerfi sem væri eins gegnsætt og hægt væri. Vandinn við núverandi skipulag væri sá að hugsað væri fyrst og fremst um að leysa úr þrætu og það sem allra fyrst. Huga þyrfti betur að fordæmisgefandi hlutverki æðsta dómstóls landsins.

Aðspurður um hvað millidómstig í sakamálum ætti að fást við kvað Róbert nauðsynlegt að raunveruleg endurskoðun á sönnunarmati fyrsta dómstigs, héraðsdóms, færi fram. Kvaðst hann sjá fyrir sér framvegis einn dómara í héraðsdómi í hverju máli, þrjá á millidómstigi og fimm dómara í Hæstarétti, en þriggja manna dóma í Hæstarétti ætti að leggja af. Allt er varðaði sönnunar- og sakarmat ætti að klárast á millidómstiginu, en Hæstiréttur tæki hins vegar fyrir lagaatriði, t.d. vafa um heimfærslu háttsemi til refsheimilda og stjórnskipuleg álitamál á sviði refsiréttar og opinbers réttarfars. Róbert taldi þó koma til greina að áfrýjunar- réttur væri frá millidómstigi til Hæstaréttar í alvarlegri sakamálum, einkum hvað varðar endurmat á ákvörðun refsingar. Að sögn Róberts ætti millidómstigið að úrskurða í langflestum kærumálum á sviði opinbers réttarfars, en þó kynni að vera þröngur kæruréttur áfram til Hæstaréttar, sérstaklega ef um væri að ræða verulega íþyngjandi þvingunarráðstafanir.

Aðspurður hvort Hæstiréttur ætti að veita áfrýjunarleyfi, eins og hann hafi gert hingað til, eða hvort fela ætti það sérstakri nefnd, kvað Róbert það verkefni eiga að vera á könnu hæstaréttardómara. Kvað hann mikilvægt að fá sem flesta dómara réttarins til að taka þátt í afgreiðslu beiðna um áfrýjunarleyfi enda mikilvægt að allir dómarnir hefðu yfirsýn yfir störf hans á hverjum tíma. Ætti að hans mati að þurfa að lágmarki fjóra dómara til að ákveða að taka mál til efnislegrar meðferðar.

Loks kvað Róbert aðspurður ekki sjá ástæðu til að fækka hæstaréttardómurum þótt millidómstig í sakamálum væri tekið upp, enda þurfi að skapa aukið svigrúm fyrir núverandi fjölda dómara til að dæma mál með betri og vandaðri hætti.

## 5. Millidómstig í sakamálum

Eins og rakið hefur verið hér að framan er margt sem bendir til þess að núverandi fyrirkomulag um sönnunarfærslu fyrir Hæstarétti Íslands brjóti gegn meginreglunni um milliliðalausa sönnunarfærslu og gangi í berhögg við 2. gr. 7. samningsviðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, þar sem ekki hefur tíðkast í framkvæmd að Hæstiréttur endurmeti niðurstöðu héraðsdóms um sönnunargildi munnlegra framburða með því að taka skýrslur af ákærða eða vitnum fyrir dóminum. Þess í stað hefur rétturinn oftast gripið til þess ráðs að ómerkja dóma og vísa málum aftur heim í hérað. Þetta fyrirkomulag hefur sætt mikilli gagnrýni og ekki þótt vænlegt, m.a. vegna þeirra tafa sem þetta veldur á meðferð mála, auk þess sem ekki er unnt að beita þessu úrræði nema einu sinni í hverju máli.

Hérlendis hefur verið stuðst við svokallað tveggja dómstiga kerfi, þar sem héraðsdómstólar dæma í málum á neðra stigi og Hæstiréttur á æðra stigi. Svipað kerfi þekkist hins vegar hvergi í þeim ríkjum sem við berum okkur saman við og á Norðurlöndum tíðkast alls staðar þriggja þrepa kerfi. Almennt er fyrirkomulagið þannig að áfrýjunarstigið (millidómstigið) getur endurmetið munnlega framburði sem gefnir voru í undirrétti, sé þess óskað. Þar er hlutverk hæstaréttar fyrst og fremst fordæmisgefandi og tekur hann almennt fyrir hin allra mikilvægustu mál. Hann endurmetur hins vegar ekki niðurstöðu lægri dómstiga um sönnunargildi munnlegra framburða.

Nokkrar leiðir hafa verið nefndar til sögunnar til þess að ráða bót á þessum vanda, en af þeim virðast þó einungis tvær vera raunhæfar að mati nefndarinnar. Önnur er sú að fjölga dómurum Hæstaréttar og láta fara fram skýrslutökur af ákærða og vitnum, eins og heimild er fyrir í gildandi lögum, sbr. umfjöllun í 2. kafla. Á undanförunum árum hefur starfsálag Hæstaréttar aukist mjög mikið. Myndi því vera nauðsynlegt að fjölga bæði dómurum og öðru starfsfólki réttarins ef ætlunin er að auka við starfsskyldur hans.<sup>60</sup> Með þessu móti gæti farið fram heildarendurmat á niðurstöðu héraðsdómara um sönnunargildi munnlegs framburðar. Það er hins vegar ókostur við þessa leið að húsnaði réttarins gerir ekki ráð fyrir að dómurum fjölgi, aðallega hvað varðar dómsali. Þá yrði hlutverk Hæstaréttar eftir sem áður fyrst og fremst að vera áfrýjunardómstóll, þ.e. að leysa úr þrætum. Hann hefði hins vegar ekki eins miklu fordæmisgefandi hlutverk að gegna og æskilegt er, en afar mikilvægt er að leggja áherslu á þann þátt í því skyni að auka gegnsæi úrlausna réttarins.

<sup>60</sup> Yfirlit yfir fjölda dæmdra mála í Hæstarétti er að finna í fylgiskjalinu.

Í 4. kafla eru rakin sjónarmið og afstaða þeirra sérfróðu aðila sem funduðu með nefndinni. Í megindráttum eru þeir sammála því að núverandi staða sé óviðunandi og að grípa þurfi til einhverra ráðstafana til þess að meginreglan um milliliðalausa sönnunarfærslu í sakamálum sé höfð í heiðri. Allir eru þeir hlynntir því að koma á fót millidómstigi, en blæbrigðamunur var á því hvert umfang dómstólsins ætti að vera og hvaða mál færu á hvaða dómstig. Það sem helst gæti staðið þessari leið fyrir þrífum væri kostnaður, en með því að koma á fót millidómstigi væri tryggt að Ísland uppfyllti kröfur mannréttindasáttmála um réttláta málsmeðferð fyrir dómi.

Nefndarmenn telja að upptaka millidómstigs sé mikil og nauðsynleg bragarbót fyrir íslenskt sakamálaréttarfar og leggja til að því verði komið á fót. Mikilvægt er að aðilar máls njóti eins vandaðrar málsmeðferðar og unnt er og með því að opna fyrir þann möguleika að niðurstaða héraðsdómara um munnlegan framburð sé endurskoðuð af æðri dómi er betur tryggt að sem réttust niðurstaða fái st í mál. Um leið þarf þó að tryggja að málshraði, sem hefur verið einn stærsti kostur íslensks réttarkerfis, skerðist ekki til muna við breytinguna, enda mikilvægt fyrir málsaðila og samfélagið í heild að úr málum sé leyst greiðlega. Með því að tryggja að sem flestum málum ljúki á millidómstiginu ætti að vera unnt að halda málsmeðferðartíma sakamála í skefjum.

Nefndin taldi óhjákvæmilegt að ræða um hvort millidómstig í sakamálum myndi einnig kalla á millidómstig í einkamálum. Álitsgjafarnir töldu svo ekki vera, þar sem ekki væri um sama vandamál að ræða í einkamálum og í sakamálum. Eiríkur Tómasson nefndi þó að nýlegur dómur Mannréttindadómstóls Evrópu gæti í framtíðinni kallað á millidómstig í einkamálum.<sup>61</sup> Nefndin telur ekki rétt að leggja til að millidómstigi verði komið á í einkamálum samhliða sakamálum á þessu stigi. Fyrir því liggja margvísleg rök. Nefndin dregur ekki úr mikilvægi millidómstigs í einkamálum, síður en svo. Aftur á móti eru úrbætur knýjandi hvað meðferð sakamála varðar til að tryggt verði að Ísland fullnægi áskilnaði stjórnarskrár og alþjóðlegra sáttmála um réttláta og hlutlæga málsmeðferð. Þá fylgir allsherjarmillidómstigi talsvert meiri uppstokkun á dómskerfinu í heild sinni. Slík breyting myndi verða töluvert umfangsmeiri og dýrari. Ef millidómstigi verður komið á fót í sakamálum yrði einfaldara síðar meir að taka upp millidómstig í einkamálum ef svo ber undir.

---

<sup>61</sup> Dómur MDE í máli nr. 42628/04: Súsanna Rós Westlund gegn íslenska ríkinu frá 6. desember 2007.

### 5.1 Hvaða mál fara á hvaða dómstig?

Samkvæmt nágildandi lögum um meðferð opinberra mála eru öll sakamál höfðuð og rekin fyrir héraðsdómi. Dómi eða úrskurði héraðsdóms er hins vegar eftir atvikum unnt að áfrýja til Hæstaréttar á grundvelli XVIII. kafla oml. (XXXI. kafla sml.) eða, ef um kæru til æðri dóms á réttarfarsatriðum er að ræða, eftir reglum XVII. kafla oml. (XXX. kafla sml.). Samkvæmt 2. mgr. 150. gr. oml. (198. gr. sml.) verður áfellingisdómi aðeins áfrýjað til Hæstaréttar með leyfi réttarins ef dómfelldi hefur verið dæmdur til sektargreiðslu sem á þessari stundu nemur að lágmarki 513.344 krónum eða samsvarandi fjárhæð í eignaupptöku. Á grundvelli 2. mgr. 150. gr. oml. getur Hæstiréttur heimilað að máli sem ekki nær áfrýjunarfjárhæð verði áfrýjað til Hæstaréttar á grundvelli áfrýjunarleyfis sem Hæstiréttur veitir sjálfur. Verður áfrýjunarleyfi almennt ekki veitt, nema sérstakar ástæður mæli með því, sbr. 3. mgr. i.f., 150. gr. oml.

Hér leggur nefndin til óbreytt ástand að hluta til, þ.e. að öll sakamál verði áfram þingfest fyrir héraðsdómstólum, en eftirleiðis verði sú veigamikla breyting gerð á að úrlausnum héraðsdómstóla verði unnt að skjóta áfram til millidómstigsins í stað Hæstaréttar áður. Að meginstefnu til gildi því sömu reglur um málskot frá héraðsdómi til millidómstigsins eins og gilt hafa um málskot frá héraðsdómi til Hæstaréttar, en eins og áður sagði koma þær reglur nú fram í XVII. og XVIII. kafla oml. Ekki þykir nefndinni ástæða til að opna fyrir málskot frá héraðsdómi til millidómstigsins í öllum málum, heldur yrði áfram miðað við að áfellingisdómur yrði að ná áfrýjunarfjárhæð til að unnt væri að áfrýja honum. Eftir sem áður yrði hægt að sækja um áfrýjunarleyfi til millidómstigsins ef mál væru undir áfrýjunarfjárhæð.

Grundvallarástæðan að baki því að koma á fót millidómstigi í sakamálum er að taka upp skýrslutökur á áfrýjunarstigi, þ.e. dómurinn endurmeti sjálfstætt niðurstöðu héraðsdóms um sönnunargildi munnlegra framburða. Fyrir utan endurmat á sönnun um sekt verður um heildarendurmat að ræða og metur dómstóllinn til dæmis einnig ákvörðun viðurlaga, lagaatriði og ágreining um réttarfarsleg atriði o.fl. Þá gerir nefndin ráð fyrir því að öll kærumál á fyrsta dómstigi verði tekin fyrir á millidómstiginu, t.d. rannsóknarúrskurðir, kröfur um gæsluvarðhöld, hvort vitni skuli vikið af dómþingi o.fl.

Nefndin leggur til að dómum millidómstigsins verði einungis unnt að skjóta til Hæstaréttar til endurskoðunar á lagaatriðum og ákvörðun viðurlaga. Hins vegar verði ekki unnt að endurskoða niðurstöðu millidómstigs um mat á sönnun og sönnunargildi munnlegra framburða. Þeim þætti ætti þar með að ljúka að öllu leyti á millidómstiginu. Þetta atriði telur nefndin



mjög mikilvægt og þyrfti að haga lagasmíð um þetta atriði með þeim hætti að ekki sé unnt að skjóta sér leið fram hjá þessu. Ef ákærvald eða dómfelldi gætu áfram leitað endurskoðunar á öðrum atriðum en lagaatriðum og ákvörðun viðurlaga, yrði ávinningur af millidómstigi ekki eins mikill, þar sem með því væri því álagi sem Hæstiréttur býr við nú ekki létt af réttinum, en mjög mikilvægt er að svo verði.

Leggur nefndin til að málskot frá millidómstiginu til Hæstaréttar verði alfarið bundið við áfrýjunarleyfi. Þótt svo sé má samt sem áður reikna með að allra alvarlegustu málum, þar sem tildæmd refsing er mjög þung, verði áfram unnt að áfrýja til Hæstaréttar og eru fullframin brot gegn 211. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, dæmi um það. Nefndin miðar þannig við að einungis þau mál sem hafi almenna og sérstaka þýðingu fari á grundvelli áfrýjunarleyfis til Hæstaréttar, en um er að ræða mál sem varða sérstaklega mikilsverða hagsmunum, s.s. mál þar sem að verulegu leyti reynir á gildi ákvæða stjórnarskrár eða mannréttindasáttmála. Er þetta mikilvægt, eins og áður segir, til þess að stuðla að því að úrlausnir réttarins verði eins glöggar og gegnsæjar og kostur er. Við samningu lagaákvæða um þessi skilyrði má hafa hliðsjón af norrænum ákvæðum um sama efni.

Með þeirri skipan mála sem hér hefur verið gerð grein fyrir opnast ný leið sem snýr að ákvörðunum eða málsmeðferð sem fyrst reynir á fyrir millidómstiginu. Í 142. gr. oml. (192. gr. sml.) er neikvæð skilgreining á því hvaða ágreiningsefni fyrir héraðsdómi verða í dag borin undir Hæstarétt. Almennt sæta úrskurðir eða ákvarðanir héraðsdóms kæru til Hæstaréttar nema þau atriði sem upp eru talin í staflidum a. til d. í 142. gr. Gera verður ráð fyrir að unnt sé að leita endurskoðunar fyrir æðri dómi á einstaka þáttum sem lúta að málsmeðferð fyrir millidómstiginu og fyrst reynir á þar. Má sem dæmi um það nefna ágreiningssatriði er lýtur að vanhæfi dómara á millidómstiginu, en unnt verður að vera að leita endurskoðunar á því atriði fyrir æðri dómi sem yrði Hæstiréttur í þessu tilviki. Mætti hafa nokkra hliðsjón af ákvæðum 2. mgr. 142. gr. oml. í þessum efnunum en almennt yrði að miða við að viðlíka fyrirkomulag yrði viðhaft um málsmeðferð og nú gildir í Hæstarétti að því leyti að mál yrðu almennt ekki tekin fyrir á millidómstiginu nema til aðalmeðferðar máls. Þannig yrðu almennt ekki háð þinghöld þar til þingfestingar máls eða undirbúnings á aðalmeðferð. Nefndin gerir sér grein fyrir því að huga þarf vel að því hvaða réttarfarsatriði á millidómstiginu þarf að vera mögulegt að leita endurskoðunar á fyrir Hæstarétti.

### 5.2 Fjöldi dómara sem eru skipaðir við Hæstarétt

Með því að koma á fót millidómstigi í sakamálum gerir nefndin ráð fyrir að munnlega fluttum sakamálum fyrir Hæstarétti muni fækka úr um 100 málum í um 20 mál á ári. Þrátt fyrir að um töluverða fækkun mála sé að ræða þá hefur álag hæstaréttardómara undanfarin ár verið gríðarlega mikið og má jafnvel halda því fram að álagið færist í eðlilegt horf með þessari fækkun. Þrátt fyrir að nefndin telji við fyrstu sýn mögulegt að fækka hæstaréttardómurum með tilkomu millidómstigs hefur hún ekki lagt sérstakt mat á vinnuálagið og tekur því ekki afstöðu til þess hvort í raun sé unnt að fækka þeim eða ekki. Slíkt yrði sjálfstætt úrlausnarefni ef ákveðið verður að hrinda tillögum nefndarinnar um millidómstig í framkvæmd.

### 5.3 Fjöldi dómara sem eru skipaðir á millidómstiginu

Á árunum 2000 til 2007 var fjöldi sakamála sem áfrýjað var til Hæstaréttar Íslands eftirfarandi:

Ár:	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Fjöldi:	63	63	73	74	87	88	97	92

Miðað við núverandi aðstæður má gera ráð fyrir að til millidómstigsins verði áfrýjað um 100 málum á ári. Réttarhlé eru við dómstóla í júlí og ágúst á ári hverju, og um jól og páska. Hægt er að miða við að málflutningur sé við dómstigið að jafnaði í 38 vikur á ári. Ef þrjú mál yrðu flutt í hverri viku fyrir dómstólnum yrðu 114 mál flutt fyrir dóminum á ári. Mál eru mismunandi gerðar og sum mál geta tekið fleiri en einn dag í aðalmeðferð. Er því óvarlegt að ætla annað en að dómstigið starfi í tveim deildum. Þar af leiðandi þyrftu dómendur á milli-dómstiginu að vera að lágmarki sex.

### 5.4 Fjöldi dómara sem dæma á hverju dómstigi fyrir sig

Í 5. gr. oml. (2. og 3.-5. mgr. 3. gr. sml.) er kveðið á um þá meginreglu að einn dómari skipi dóm í hverju máli nema þegar ákærði neitar sök og dómari telur sýnt að niðurstaða kunni að verulegu leyti að ráðast af mati á sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi. Undir slíkum kringumstæðum getur dómstjóri ákveðið að þrír dómara skipi dóminn. Þá er í ákvæðinu heimild til að kveðja tvo meðdómsmenn til starfa til viðbótar hinum löglærða dómara eftir því sem nánar er mælt fyrir um í 2. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Þar er m.a. að finna heimild fyrir dómara til að kveðja til einn sérfróðan meðdómsmann og einn héraðsdómara.

Í 7. gr. dómstólalaga nr. 15/1998 er kveðið á um að eftir ákvörðun forseta taki þrír eða fimm dómarar við Hæstarétt hverju sinni þátt í meðferð máls fyrir dómi. Í sérlega mikilvægum málum geti forseti þó ákveðið að sjö dómarar skipi dóm. Þá geti forseti ákveðið að einn dómari skipi dóm í kærumáli sem er skriflega flutt og varðar ekki mikilsverða hagsmuni, svo og að einn dómari haldi þing til að taka ákvörðun um rekstur máls eða kveða upp dóm.

Eins og fram kemur í 4. kafla hefur þróunin orðið sú að tæplega níu af hverjum tíu málum fyrir Hæstarétti eru dæmd af þriggja manna dómum, sem hlýtur að teljast óæskilegt með hliðsjón af fordæmisgildi slíkra úrlausna. Afar sjaldan kemur til þess að sjö hæstaréttar-dómarar skipi dóm í máli.

Með tilkomu millidómstigs í sakamálum leggur nefndin til að héraðsdómar verði framvegis að meginreglu til ekki fjölskipaðir og að einungis einn dómari eigi þar sæti í hverju máli. Þá telur nefndin eðlilegt að millidómstigið verði þannig skipað að þrír dómarar dæmi í hverju máli og loks eigi fimm dómarar sæti í hverju máli fyrir Hæstarétti, en um leið verði hinir svokölluðu þriggja manna dómar þar afnumdir. Nefndin telur þó ekki efni til að breyta framangreindri heimild í 7. gr. dómstólalaga um fjölskipaðan, sjö manna hæstaréttardóm og leggur til að slík heimild gildi einnig um millidómstigið í sérlega mikilvægum málum, en að þar verði heimildin bundin við fimm dómara.

Í þeim héraðsdómsmálum þar sem nauðsyn er á sérfræðipækkingu verður eftir sem áður heimild til að kalla sérfróða meðdómsmenn til aðstoðar. Almenn er ekki gert ráð fyrir að sérfróðir meðdómendur verði kvaddir til setu á millidómstiginu, ekki frekar en gert er nú í Hæstarétti, en ekki er hægt að útiloka að í undantekningartilvikum geti dómstjóri kallað til sérfróðan meðdómanda. Væri þá hlutverk meðdómandans að leggja mat á sérhæfð álitaefni sem fram koma við sönnunarfærslu í málinu.

### *5.5 Titill málflytjenda á millidómstigi*

Þeir sem heimild hafa til að flytja mál fyrir dómstólum í sakamálum eru ákærandi og verjandi. Undantekningu frá þessu er að finna í 2. mgr. 34. gr. oml. (29. gr. sml.) en þar segir að sakborningi sé heimilt að halda sjálfur uppi vörnum í máli kjósi hann það og sé hann hæfur til þess að mati dómara eða lögreglu. Þá er einnig að finna heimild í 37. gr. oml. (32. gr. sml.) fyrir sakborning að ráða á sinn kostnað, á öllum stigum opinbers máls, lögmann til að gæta

hagsmuna sinna. Sá aðili hefur sömu réttindi og skyldur eftir því sem við á, en hins vegar má á meðan á rannsókn máls stendur m.a. takmarka rétt hans til að ræða við sakborning o.fl.

Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn má héraðsdómslögmaður gæta hagsmuna aðila í máli fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli. Hæstaréttarlögmaður má hins vegar gæta hagsmuna aðila í málum fyrir öllum dómstólum landsins, sbr. 3. mgr. 10. gr. laganna.

Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. oml. (1. mgr. 25. gr. sml.) flytur ríkissaksóknari og ákærendur við embætti hans þau mál í héraði sem hann höfðar eða tekur til sín. Hann getur falið öðrum aðila flutning máls, t.d. héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanni. Í 2. mgr. 25. gr. sml. er kveðið á um að héraðssaksóknari, saksóknari eða fulltrúi héraðssaksóknara flytji þau mál sem hann höfði í héraði, sbr. 23. gr. sml. Á sama hátt og mælt er fyrir um í 1. mgr. 25. gr. sml. getur héraðssaksóknari falið öðrum flutning máls. Í 2. mgr. 29. gr. oml. (3. mgr. 25. gr. sml.) segir að lögreglustjórar annist flutning þeirra mála, sem þeir höfði, fyrir héraðsdómi, sbr. 1. mgr. 28. gr. oml. (1. mgr. 24. gr. sml.)

Nefndin fjallaði um hvaða titil málflytjendur þyrftu að bera til þess að geta flutt mál á millidómstiginu. Í tilviki verjenda var rætt um hvort héraðsdómslögmannsréttindi myndu duga, hvort gera þyrfti áskilnað um að málflytjendur hefðu öðlast hæstaréttarlögmannsréttindi eða hvort búa þyrfti til nýtt starfsheiti. Hvað ákærvaldið varðar var á sama hátt rætt um það hjá hvaða embætti ákærendur þyrftu að starfa til að geta flutt mál fyrir dómstólum. Var rætt um hvort ákærendur hjá embætti lögreglustjóra gætu flutt mál á áfrýjunarstiginu, saksóknarar hjá embætti héraðssaksóknara eða hvort krafa væri gerð um að einungis ríkissaksóknari og saksóknarar þess embættis gætu flutt málin þar.

Að mati nefndarinnar hníga rök til þess að sömu reglur gildi um sakflytjendur á milli-dómstiginu og fyrir Hæstarétti í dag, þ.e. að einungis hæstaréttarlögmenn og ríkissaksóknari geti flutt þar mál, enda yrði hinn nýi dómstóll áfrýjunardómstóll á landsvísu, en ekki héraðsdómur.

### *5.6 Skýrslutökur fyrir dómimum*

Í VIII. kafla oml. (XVII. kafla sml.) er að finna reglur um vitni. Í 49. gr. oml. (116. gr. sml.) er kveðið á um að öllum sé skylt að koma fyrir dóm í opinberu máli á varnarþingi sínu og bera þar vitni. Frá þessari reglu er að finna nokkrar undantekningar í 50. – 55. gr. oml. (117. – 119.

gr. sml.). Í lögnum er ekki að finna tæmandi talningu á því hvaða vitni má kalla til skýrslugjafar fyrir dómi, en héraðsdómari getur hins vegar ákveðið að tiltekið vitni, sem ekki fellur undir ofangreindar undantekningarreglur, skuli ekki kvatt fyrir dóm telji hann það óþarft. Eins og að framan er rakið hefur ekki tíðkast að kalla ákærða eða vitni fyrir Hæstarétt til skýrslugjafar, þótt heimild sé til þess.

Að mati nefndarinnar verður í mörgum tilvikum óþarft að kveðja til öll þau vitni sem gáfu skýrslu fyrir héraðsdómi. Einungis ákærði og mikilvægustu vitnin verða því kvödd til skýrslugjafar á millidómstiginu. Að meðaltali yrðu það auk ákærða þrjú til fjögur vitni í hverju máli. Er gengið út frá að ákvörðun um hvaða vitni gefi skýrslu á millidómstigi byggist á samkomulagi ákæruvalds, verjanda og dómara og ætti ekki að valda vandkvæðum í framkvæmd hvaða vitni teljist vera þau mikilvægustu.

### *5.7 Lagaskil*

Með tilkomu millidómstigs í sakamálum er nauðsynlegt að huga að því hvaða reglur muni gilda um lagaskil. Gera má ráð fyrir að niðurstaða í allnokkrum héraðsdómsmálum muni liggja fyrir þegar millidómstigið tekur til starfa, en samkvæmt 2. mgr. 151. gr. oml. (2. mgr. 199. gr. sml.) er frestur til að áfrýja héraðsdómi fjórar vikur frá birtingu dóms eða eftir atvikum dómsuppkvaðningu. Sú spurning kann þá að vakna hvort málum verði skotið til Hæstaréttar eða til millidómstigsins.

Nefndin leggur til að öllum þeim málum verði beint til millidómstigsins, sem hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar við gildistöku laganna og biða flutnings fyrir réttinum.

## 6. Kostnaðaráætlun

Hér að neðan er að finna upplýsingar um áætlaðan kostnað við upptöku millidómstigs í sakamálum og umfjöllun um skipulag starfseminnar. Ekki er lagt mat á hvort og hversu mikið kostnaður muni aukast vegna starfa verjenda, ákæranda, túlka og fleira, en gera má ráð fyrir einhverri útgjaldaaukningu. Er m.a. miðað við að dómaramir verði að minnsta kosti sex talsins og að dómstóllinn starfi í sérstöku húsnæði.

### Rekstrarliðir:

- Launakostnaður	120,0 m. kr.
- Húsnæðiskostnaður	26,0 m. kr.
- Annar rekstrarkostnaður	<u>13,0 m. kr.</u>
<b>Laun, húsnæðiskostnaður og rekstrarkostnaður samtals á ári</b>	<b>159,0 m. kr.</b>

### 6.1 Launakostnaður

Miðað er við forsendur í kafla 5.3 um fjölda dómara á millidómstiginu. Einn dómari yrði yfirmaður dómstólsins sem forseti eða dómstjóri. Í höndum Kjararáðs yrði að ákveða laun dómara á millidómstiginu. Ef gengið yrði út frá þeirri forsendu að laun þessara dómara yrðu miðja vegu á milli launa héraðsdómara og hæstaréttardómara yrði heildarlaunakostnaður á dómara um 1.158.708 krónur á mánuði, en dómstjóra um 1.284.000 krónur. Heildarlaunakostnaður fimm dómara og dómstjóra yrði því samtals um 72.000.000 krónur. Ef miðað yrði við að við dóminn starfi skrifstofustjóri, tveir aðstoðarmenn, dómvörður, tveir ritarar og einn starfsmaður í afgreiðslu yrði launakostnaður þeirra starfsmanna samtals um 48.000.000 krónur á ári.

### 6.2 Húsnæðiskostnaður

Gengið er út frá að dómstóllinn þurfi sérstakt húsnæði. Ekki kemur til álita að hann verði í húsnæði héraðsdómstólanna. Mikilvægt er að gætt verði að sýnilegum aðskilnaði millidómstigsins frá héraðsdómstiginu. Hið opinbera hefur í seinni tíð miðað við að leigt sé húsnæði undir dómstóla og hafa Fasteignir ríkissjóðs haft milligöngu um leigu. Einnig eru dæmi um að dómstólar leigi húsnæði beint af leigusala án milligöngu Fasteigna ríkissjóðs. Nýjasta dæmið um það kemur úr umdæmi héraðsdóms Reykjaness þar sem leigt var nýtt húsnæði undir þann dómstól. Í því tilviki var húsnæðið frá upphafi innréttað miðað við þörf dómstólsins og verður að telja að útkoman hafi verið mjög góð að því leyti. Í þessari kostnaðaráætlun er miðað við að leigt yrði húsnæði sem búið væri að útbúa fyrir dómstóllinn

og forsendur taka mið af húsaleigu og rekstri embættis héraðsdóms Reykjaness. Gert er ráð fyrir að í húsinu sé einn stór dómsalur og annar minni. Miðað við starfsmannafjölda verða að vera í húsnæðinu á bilinu 10 til 15 skrifstofur, þar af ein eða tvær í tengslum við afgreiðslu. Þá verður að gera ráð fyrir fundarherbergi, bókasafni, skjalageymslu og kaffistofu. Gengið er út frá að gerður sé húsaleigusamningur til langs tíma og að tekið sé við húsnæði tilbúnu til notkunar fyrir starfseminu.

Áætlun um húsnæðiskostnað er um 2.150.000 krónur á mánuði, eða um 26.000.000 krónur á ári.

### *6.3 Annar rekstrarkostnaður*

Annar almennur rekstrarkostnaður yrði í samræmi við venjulegan rekstrarkostnað dómstóla. Þar er um að ræða tilfallandi kostnað við rekstur tölvukerfis, símkerfis, öryggiskerfis, pappír, o.s.frv. Í hlutfalli við fjölda starfsmanna og með hliðsjón af núverandi rekstri héraðsdómstóla má áætla að annar rekstrarkostnaður verði um 13.000.000 krónur á ári.

### *6.4 Stofnkostnaður*

Þegar stofnkostnaður er áætlaður er miðað við að kostnaður við húsnæði sé ekki þar inni. Hins vegar er gert ráð fyrir að keyptur sé allur venjulegur búnaður, tölvur, húsbúnaður og annar venjulegur skrifstofubúnaður. Þá þarf að gera ráð fyrir kostnaði við að hanna málaskrárkerfi fyrir hið nýja dómstig. Ekki þykir á þessu stigi ástæða til að meta þennan stofnkostnað til fjárhæðar, en hann getur numið talsverðri fjárhæð.

## 7. Lokaorð

Nefndin leggur til að komið verði á millidómstigi í sakamálum þar sem fram fari sönnunarfærsla á nýjan leik. Til dómstólsins verði áfrýjað þeim sakamálum sem nú sæta áfrýjun til Hæstaréttar. Málum verði skotið þaðan til Hæstaréttar á grundvelli áfrýjunarleyfis, en eftirleiðis fjalli rétturinn einungis um lagaatriði og ákvörðun refsingar. Hins vegar verði ekki unnt að endurskoða niðurstöðu millidómstigs um mat á sönnun og sönnunargildi munnlegra framburða. Þá verði öllum ágreiningsmálum varðandi réttarfar og rannsóknaraðgerðir í héraðsdómi skotið til millidómstigsins með kæru. Við dómstólinn starfi að lágmarki sex dómarar auk annars starfsfólks og starfi dómstóllinn í tveimur þriggja manna deildum. Almennt verði fallið frá fjölskipuðum dómi í héraði. Mál fyrir dómnum flytji ríkissaksóknari, og saksóknarar við embætti hans, og hæstaréttarlögmenn.

Loks leggur nefndin til að hið nýja millidómstig beri heitið Landsyfirréttur.



## Heimildaskrá.

Alþingistíðindi.

Domstolsstyrelsen: *Vejledning til domsmænd og nævninger*. Kaupmannahöfn 2007.

Domstolsadministrasjon: *Domstolene i Norge* 2007.

Eiríkur Tómasson: *Meginreglur opinbers réttarfars*. Handrit til kennslu við lagadeild Háskóla Íslands. Úlfljótur. Reykjavík 1999.

Eiríkur Tómasson: *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*. Bókaútgáfa Orators. Reykjavík 1999.

Eiríkur Tómasson: *Endurskoðun á sönnunarmati í sakamálum, m.a. með hliðsjón af Mannréttindasáttmála Evrópu*. Úlfljótur, 1. tbl. Reykjavík 2002.

Eiríkur Tómasson: *Réttur til réttlátrar málsmeðferðar*. Mannréttindasáttmáli Evrópu: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenska rétt. Lagadeild Háskólans í Reykjavík og Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 2005.

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands: *Mannréttindadómstóll Evrópu 2007*. Dómareifanir, 2. hefti 2007 (júlí – desember).

Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*. Handrit til kennslu við lagadeild Háskóla Íslands, Reykjavík 1993.

Stefán Már Stefánsson: *Um sönnun í sakamálum*. 4. ritröð Lagastofnunar Háskóla Íslands. Reykjavík 2007.

## Dómar.

Dómur Hæstaréttar frá 19. júní 2008 í máli nr. 254/2008.

Dómur Hæstaréttar frá 19. júní 2008 í máli nr. 260/2008.

Dómur Hæstaréttar frá 21. febrúar 2002 í máli nr. 11/2001.

Dómur Hæstaréttar frá 22. maí 1998 í máli nr. 390/1997.

Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu frá 19. febrúar 1996 í máli nr. 16206/90.

Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu frá 15. júlí 2003 í máli nr. 44671/98.

Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu frá 6. desember 2007 í máli nr. 42628/04.

## Heimasíður.

Danskir dómstólar á [www.domstol.dk](http://www.domstol.dk).

Finnskir dómstólar á [www.oikeus.fi](http://www.oikeus.fi).

Norskir dómstólar á [www.domstol.no](http://www.domstol.no).

Sænskir dómstólar á [www.dom.se](http://www.dom.se).

Finnska dómsmálaráðuneytið á [www.om.fi](http://www.om.fi).

Hæstiréttur Finnlands á [www.kko.fi](http://www.kko.fi).


## Fylgiskjal.

Hér að neðan er að finna yfirlit yfir fjölda dæmdra mála í Hæstarétti á árunum 2006 og 2007. Til samanburðar eru birtar tölur fyrir árin 2001-2006. Er málnum skipt í áfrýjuð mál og kærumál. Rannsókn þessi byggist eingöngu á dómum í opinberum málum frá árunum 2006 og 2007.


	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
<b>Áfrýjun:</b>							
Dómar í einkamálum	207	194	193	221	190	206	188
Dómar í opinberum málum	56	62	67	68	94	78	102
<b>Kæurur:</b>							
Dómar í einkamálum	93	127	125	117	132	120	131
Dómar í opinberum málum	61	106	55	79	71	154	169
<b>Samtals</b>	<b>417</b>	<b>489</b>	<b>440</b>	<b>485</b>	<b>487</b>	<b>558</b>	<b>590</b>

Dæmd opinber mál á tímabilinu eru samtals 180. Hér að neðan er að finna yfirlit yfir tegundir brota og tíðni þeirra.


Má til dæmis sjá að 22% þessara 180 dóma vörðuðu líkamsárás. Samkvæmt þessu má sjá að dreifing brota er nokkuð mikil og enginn einn brotaflokkur sem sker sig frá öðrum.




Hér að neðan má sjá hlutfall dóma eftir fjölda ákæruliða. Langalgengast, eða í 54% tilfella, var einungis um einn ákærulið að ræða.




Hér að neðan má sjá hlutfall dóma í héraði eftir fjölda sakborninga.




Hér má sjá að 76% þeirra opinberu mála sem áfrýjað var á árunum 2006 og 2007 voru dæmd af einum embættisdómara.



Hér fyrir neðan má sjá að í 45% tilfella var einungis háð eitt þinghald fyrir aðalmeðferð.





Hér fyrir neðan má sjá fjölda þinghalda við aðalmeðferð.




Í fyrrgreindum málum fyrir héraðsdómi voru samtals 1241 vitni kölluð fyrir dóm. Samkvæmt útreikningum er því meðalfjöldi vitna um sjö í hverju máli. Samkvæmt útreikningum er frávik frá meðaltali að jafnaði um fjórir sem gefur til kynna að frávik frá meðaltali er heldur mikið og nokkuð algengt. Algengast var að vitni væru samtals fimm talsins eða í um 14% mála.


Samkvæmt útreikningum tóku skýrslutökur alls 360 klukkustundir fyrir héraði og var því meðallengd þeirra samtals 2,4 stundir á hvert mál. Meðalfrávik frá meðaltalinu voru hins vegar tvær stundir sem veikir meðaltalið nokkuð. Notast var við dómtúlk í 31 skipti eða í samtals 18% tilfella. Endurrit skýrslna voru samtals 5247 blaðsíður og var því meðallengd endurrita um 30 blaðsíður fyrir hvert mál. Sama á við þegar kemur að meðalfrávikum frá meðaltali en það var samtals 22 blaðsíður sem gefur til kynna að mikill lengdarmunur er á endurritum skýrslna milli mála.



Samkvæmt útreikningum var í 87% tilfella einungis um einn sakborning að ræða fyrir Hæstarétti.



Eins og áður sagði voru dómur í opinberum áfrýjuðum málum alls 180 á árunum 2006 og 2007. Þar af var niðurstaða héraðsdóms staðfest í 36% málanna. Niðurstöðu héraðsdóms um refsingu var breytt að einhverju leyti í 50% málanna og í 7% tilvika var niðurstöðu héraðsdóms um sakfellingu breytt. Í 6% tilvika var héraðsdómur ómerktur, málum vísað frá eða þau felld niður.



Samkvæmt athugun reyndust heildargögn fyrir Hæstarétt vera samtals 33.496 blaðsíður, en þó voru einstaka mál ekki talin með þar sem umfang þeirra var svo mikið að það myndi skekkja niðurstöðuna yrðu þau talin með. Um fá mál var að ræða og teljast þau til undantekninga. Samkvæmt útreikningum var meðallengd ágripa fyrir Hæstarétt samtals 190 blaðsíður, en meðalfrávikkið var hins vegar 146 blaðsíður sem gefur til kynna að mikill munur er á málgögnum milli mála.

Sömu sögu er að segja um meðallengd dóms héraðsdóms en hann er samkvæmt útreikningum samtals 17 blaðsíður en meðalfrávik 14 blaðsíður. Meðallengd rannsóknargagna lögreglunnar er samtals 87 blaðsíður en meðalfrávikkið samtals 76 blaðsíður.

Ágrip	Samtals	Meðaltal	Meðalfrávik
Heildargögn	33.496	190	146
	Samtals	Meðaltal	Meðalfrávik
Héraðsdómur	3.059	17	14
	Samtals	Meðaltal	Meðalfrávik
Lögreglugögn	15.054	87	76
	Samtals	Meðaltal	Meðalfrávik
Önnur gögn	2.053	12	16

Málsmeðferð fyrir Hæstarétt	Vikur	Meðalfrávik
Meðaltími frá áfrýjun þar til málgögnum var skilað	12,6	7,1
Meðaltími frá því að málgögnum var skilað þar til málið var flutt	12,7	3,5
	Dagar	Meðalfrávik
Meðaltími frá dómtöku til uppkvaðningar dóms	7,2	3,5
	Mínútur	Meðalfrávik
Meðaltími málfutnings samkvæmt áætlun lögmanna	93	46



DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ - SKUGGASUNDI - 150 REYKJAVÍK

SÍMI 545 9000 - BRÉFASÍMI 552 7340

POSTUR@DKM.STJR.IS - WWW.DOMSMALARADUNEYTI.IS